

**From:** alb sig <skopparabolti@gmail.com>  
**Sent:** þriðjudagur, 23. júní 2020 14:41  
**To:** Skipulagsstofnun  
**Subject:** Athugasemd við frummatsskýrslu v. kísilvers í Helgúvík



### Athugasemdir við frummatsskýrslu

Áhættan af endurræsingu kísilverksmiðju í Helgúvík er of mikil fyrir íbúa Reykjanesbæja og í raun Suðurnesjabæjar einnig. Ég og flestir á Suðurnesjum hafa enga trú á að núverandi eigendur kísilverksmiðjunnar, né framtíðareigendur, né verkfræðistofur sem vinna matsskýrslur eða Arion banki og aðrir fjárfestar sem kunna að koma að þessu máli með því hugarfari að endurræsa kísilverið hafi nokkurn áhuga á áhrifum þess á heilsufar íbúa.

Það virðist sem að nýja frummatsskýrslan sé full af rangfærslum og vafasömum fullyrðingum, eins og kemur fram í innsendri athugasemd frá Sigurði Garðarssyni og Hannesi Friðrikssyni. Líklega álfika hvítþvottur og var í matsskýrslu frá 2008 enda var lítið að marka það sem þar stóð.

Við yfirlit á fréttum af málinu má glögg sjá að áhættusækni, fjármálabrask, frávik og vanefndir hafa ráðið ferð frá upphafi til enda. Nú vilja þeir halda áfram. Spörin hræða. Hér að neðan eru fjölmargar vísbendingar úr fréttum fjölmiðla um það sem koma skal.

- Telur að neikvæð umhverfisáhrif fylgi áætluðum breytingum á kísilverksmiðju (15.6.2020) <https://www.vf.is/frettir/telur-ad-neikvaed-umhverfisahrif-fylgi-aaetludum-breytingum-a-kisilverksmidju>
- Íbúar mótmæla kísilverksmiðjunni harðlega (19.12.2019) <https://www.ruv.is/frett/ibuar-motmaela-kisilverksmidjunni-hardlega?term=united%20silicon&rtype=news&slot=9>
- Ætla að minnka mengun með 52 metra skorsteini (23.8.2019) <https://www.ruv.is/frett/aetla-ad-minnka-mengun-med-52-metra-skorsteini?term=united%20silicon&rtype=news&slot=2>
- Kísilverksmiðja eykur losun Íslands um 10% (30.4.2019) [https://www.ruv.is/frett/kisilverksmidja-eykur-losun-islands-um-10?fbclid=IwAR28a6GzW74LT1hAGwfo6zJqSasvkUp4r\\_CAlu1ROIFOR3x6nhr7GjUXuH4](https://www.ruv.is/frett/kisilverksmidja-eykur-losun-islands-um-10?fbclid=IwAR28a6GzW74LT1hAGwfo6zJqSasvkUp4r_CAlu1ROIFOR3x6nhr7GjUXuH4)
- Skipulagsstofnun gerir athugasemdir vegna endurbóta á kísilverksmiðjunni í Helgúvík (16.4.2019) <https://www.dv.is/eyjan/2019/4/16/skipulagsstofnun-gerir-athugasemdir-vegna-endurbota-kisilverksmidjunni-helguvik/>
- Eldur í verksmiðju PCC (27.3.2019) [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/03/27/eldur-i-verksmidju-pcc/?fbclid=IwAR3DkMg9p44Es9ypnYWcza5jTpCzyt7UAccC5emsQEH\\_814H8RyEQdAL8J4](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/03/27/eldur-i-verksmidju-pcc/?fbclid=IwAR3DkMg9p44Es9ypnYWcza5jTpCzyt7UAccC5emsQEH_814H8RyEQdAL8J4)
- Berjast við vatnsleka frá kælikerfi hjá PCC á Bakka (23.3.2019) <https://www.visir.is/g/2019190329418/berjast-vid-vatnsleka-fra-kaelikerfi-hja-pcc-a-bakka?fbclid=IwAR3c0TlwtDUx9Pbz9tuhZGvJuzlm1mjo4EEcZotzPGcWmQf1B6mjXMrCnrl>
- Slökkt á ofni í kísilveri PCC á Bakka (24.2.2019) [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/02/24/slokkt-a-ofni-i-kisilveri-pcc-a-bakka/?fbclid=IwAR09m5DwGu\\_QPdzLrVycWxdyMEZaHQMR\\_wd6sPKUyZ3c96dnZ-L0K8\\_xr8](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/02/24/slokkt-a-ofni-i-kisilveri-pcc-a-bakka/?fbclid=IwAR09m5DwGu_QPdzLrVycWxdyMEZaHQMR_wd6sPKUyZ3c96dnZ-L0K8_xr8)
- Um 2.700 manns gera kröfu um íbúakosningu (13.2.2019) [https://www.ruv.is/frett/um-2700-manns-gera-krofu-um-ibuakosningu?fbclid=IwAR0S5PjtbzrQscfhupLKhqEm5I9ktqF4xuDwXI91fU1DcdU\\_CTgYSipjvbE](https://www.ruv.is/frett/um-2700-manns-gera-krofu-um-ibuakosningu?fbclid=IwAR0S5PjtbzrQscfhupLKhqEm5I9ktqF4xuDwXI91fU1DcdU_CTgYSipjvbE)
- Hætta starfsemi í Helgúvík – Búnaður og fasteignir auglýstar til sölu (11.2.2019) <http://www.sudurnes.net/vidskipti/haetta-starfsemi-i-helguvik-bunadur-og-fasteignir-auglystar-til-solu/>
- Tæplega 60% íbúa mjög andvígur stóriðju í Helgúvík (1.2.2019) <http://www.sudurnes.net/frettir/taeplega-60-ibua-mjog-andvigur-storidju-i-helguvik/>
- Ríkið greiddi 4,2 milljarða í jarðgöng og fleira vegna kísilvers á Bakka (1.2.2019) <https://kjarninn.is/skyring/2019-02-01-rikid-greiddi-42-milljarda-i-jardgong-lodaframkvaemd-og->



[starfstjalfun-vegna-bakka/?fbclid=IwAR3I5R-PtevTpfPDKgGBeg1pP76QydisPGCYHXi4I8g8oq5\\_eYPXE9ZDIoA](https://www.facebook.com/watch/live/?v=362623144505891&ref=watch_permalink)

- Íbúafundur Stakksbergs um kísilver í Helgúvík (23.1.2019) [https://www.facebook.com/watch/live/?v=362623144505891&ref=watch\\_permalink](https://www.facebook.com/watch/live/?v=362623144505891&ref=watch_permalink)
- „Þetta var eins og að vera í fangelsi“ (13.12.2018) <https://www.dv.is/frettir/2018/12/13/thetta-var-eins-og-ad-vera-fangelsi/?fbclid=IwAR1iG0FEZsOMg2H6Lz0ZBDoemcmVWtCh7nm5vdH9tCKIPbMjpFIRktoKylY>
- Veikindi Hafðísar hættu um leið og kísilverið í Helgúvík lokaði: „Hóstaði stanslaust og enginn skildi hvað var í gangi“ (11.12.2018) <https://www.dv.is/frettir/2018/12/11/veikindi-hafdisar-haettu-um-leid-og-kisilverid-helguvik-lokadi-hostadi-stanslaust-og-enginn-skildi-hvad-var-gangi/>
- Krefjast bindandi íbúakosningar vegna stóriðjuframkvæmda í Helgúvík (27.11.2018) [https://www.dv.is/eyjan/2018/11/27/krefjast-bindandi-ibuakosningar-vegna-storidjuframkvamda/?fbclid=IwAR3AToxsy9PK5Qmy3o10euWYPBKEUn\\_dCRNycSzpo0IBJK3BsxnBINvz74](https://www.dv.is/eyjan/2018/11/27/krefjast-bindandi-ibuakosningar-vegna-storidjuframkvamda/?fbclid=IwAR3AToxsy9PK5Qmy3o10euWYPBKEUn_dCRNycSzpo0IBJK3BsxnBINvz74)
- Átta mánuði að svara um Helgúvík (21.11.2018) [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/11/20/atta-manudi-ad-svara-um-helguvik/?fbclid=IwAR2TgWcofb7DoyT5K5GDB8gws54Up3axSJ0okGTQiby\\_Qny6ERrNeoQb3\\_4](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/11/20/atta-manudi-ad-svara-um-helguvik/?fbclid=IwAR2TgWcofb7DoyT5K5GDB8gws54Up3axSJ0okGTQiby_Qny6ERrNeoQb3_4)
- Kostar 2,5 til 3 milljarða að koma kísilverinu í gang - bankinn vill selja (7.8.2018) <https://www.vf.is/vidskipti/kostar-2-5-til-3-milljarda-ad-koma-kisilverinu-i-gang---bankinn-vill-selja>
- Mengun olli ertingu í augum og öndurnarvegi (18.5.2018) [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/05/18/mengun-fra-kisilverinu-olli-ertingu/?fbclid=IwAR3faTWuiRsftvB3siupmjZ3H\\_ZoEULtx1zbXqltFsF-GPany2gk2qBvTGM](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/05/18/mengun-fra-kisilverinu-olli-ertingu/?fbclid=IwAR3faTWuiRsftvB3siupmjZ3H_ZoEULtx1zbXqltFsF-GPany2gk2qBvTGM)
- Kísilverksmiðja Sameinaðs Silikons hf. Skýrsla Ríkendurskoðunar (maí 2018) [https://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2018/05/SU\\_Kisilverksmidja-Sameinads-Silikons-hf.pdf?fbclid=IwAR0dpyykNXd1s\\_QgoCUTXGm9oA1kDugOpnXbZj2aVtAL2W5-M4jhKMs3T1M](https://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2018/05/SU_Kisilverksmidja-Sameinads-Silikons-hf.pdf?fbclid=IwAR0dpyykNXd1s_QgoCUTXGm9oA1kDugOpnXbZj2aVtAL2W5-M4jhKMs3T1M)
- Kanna réttarstöðu íbúa gagnvart verksmiðju United Silicon (3.1.2018) <https://www.vf.is/frettir/kanna-rettarstodu-ibua-gagnvart-verksmidju-united-silicon>
- Kísilverið kostar Arion 200 milljónir á mánuði (22.11.2017) <https://timarit.is/page/6888808?iabr=on#page/n15/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Arion afskrifar tæpa fjóra milljarða króna vegna United Silicon (15.11.2017) <https://timarit.is/page/6888388?iabr=on#page/n3/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Stofnendur United vilja stöðva yfirtöku Arion (8.11.2017) [https://timarit.is/files/41500759#search="United%20Silicon%20United%20Silicon%20United%20Silicon%20United%20Silicon"](https://timarit.is/files/41500759#search=)
- Arion banki og lífeyrissjóðir eignast kísilverið (21.9.2017) <https://timarit.is/page/6924266?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Kísilverið svæft til jóla (7.9.2017) <https://timarit.is/page/6924225?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Kaupþing vill svör um afskriftir Arion (6.9.2017) <https://timarit.is/page/6880280?iabr=on#page/n17/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Greiðslustöðvun áfram hjá United Silicon (5.9.2017) <https://timarit.is/page/6880348?iabr=on#page/n5/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Skellt í lás hjá verksmiðju United Silicon í Helgúvík (2.9.2017) <https://timarit.is/page/6878220?iabr=on#page/n5/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Mengunarmælir í Helgúvík óvirkur (30.8.2017) <http://www.sudurnes.net/frettir/mengunarmaelir-i-helguvik-ovirkur/>
- Hlutur Arion banka metinn á 900 milljónir króna (25.8.2017) [https://timarit.is/files/41482409#search="United%20Silicon%20United%20United%20Silicon%20United%20United%20Silicon"](https://timarit.is/files/41482409#search=)
- Áforma að slökkva á kísilverksmiðjunni (24.8.2017) <https://timarit.is/page/6879111?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Íbúafundur í Reykjanesbæ (24.8.2017) [https://www.youtube.com/watch?v=H9I3EOBx8gg&fbclid=IwAR02-J\\_O2C7bijSyuOSkM3xAZi9si\\_XiFA68VUmXjCnkWmZY-kSSaP6ORyk](https://www.youtube.com/watch?v=H9I3EOBx8gg&fbclid=IwAR02-J_O2C7bijSyuOSkM3xAZi9si_XiFA68VUmXjCnkWmZY-kSSaP6ORyk)
- Kísilmálmverksmiðja United Silicon annar ekki eftirspurn (18.8.2017) <https://timarit.is/page/6879642?iabr=on#page/n3/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Mikil óvissa vegna kísilvers í Helgúvík (17.8.2017) <https://timarit.is/page/6924113?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/United%20Silicon>



- Enn óljóst hvernig kísilverið mun borga (29.7.2017)  
<https://timarit.is/page/7205715?iabr=on#page/n3/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Kísilverið þarf að borga rúman milljarð (26.7.2017)  
<https://timarit.is/page/6879831?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Segir eldinn ekki hafa mikil áhrif (17.7.2017) [https://www.ruv.is/frett/segir-eldinn-ekki-hafa-mikil-ahrif?fbclid=IwAR0U5fTkny68wt5EgknsqgZ8DvROIDF5Daep-xoNsrrWkaGQznQrQUFd\\_LQ](https://www.ruv.is/frett/segir-eldinn-ekki-hafa-mikil-ahrif?fbclid=IwAR0U5fTkny68wt5EgknsqgZ8DvROIDF5Daep-xoNsrrWkaGQznQrQUFd_LQ)
- Efni frá United valda óþægindum í augum og öndunarvegi (13.7.2017)  
<https://timarit.is/page/6924042?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/United%20Silicon>
- 
- Stjórnendum United Silicon létt eftir fyrstu efnamælingarnar (11.7.2017)  
<https://timarit.is/page/6870610?iabr=on#page/n3/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Semja um 190 milljóna lóðarskuld kísilversins (23.6.2017)  
<https://timarit.is/page/6870028?iabr=on#page/n5/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Heavy industry, heavy times (2.6.2017)  
<https://timarit.is/page/6977116?iabr=on#page/n11/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Brotið skaut orsakaði lykt (26.5.2017)  
<https://timarit.is/page/6848435?iabr=on#page/n7/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Kvartanir streyma inn undan lyktinni (25.5.2017)  
[https://timarit.is/files/41462389#search="United%20Silicon"](https://timarit.is/files/41462389#search=)
- Umhverfisstofnun aðhefst ef þarf með hagsmuni íbúa að leiðarljósi (24.5.2017)  
<https://timarit.is/page/6923900?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Ísabella fær loks að blása aftur (22.5.2017) [https://timarit.is/files/41461729#search="Silicon"](https://timarit.is/files/41461729#search=)
- Hæsta bygging 13 metrum hærrí en umhverfismat segir til um (11.5.2017)  
<https://timarit.is/page/6923284?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/United%20Silicon>
- United Silicon fær 50% afslátt af fasteignaskatti (11.5.2017)  
<https://timarit.is/page/6923283?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Of háar byggingar Usi í Helgúvík – Lögbrot á ábyrgð Reykjanesbæjar (28.4.2017)  
<http://www.sudurnes.net/frettir/of-haar-byggingar-usi-i-helguvik-logbrot-a-abyrgd-reykjanesbaejar/>
- Stöðva rekstur United Silicon (27.4.2017)  
<https://timarit.is/page/6923227?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Ofnstöðvun skýrir mengun (25.4.2017)  
<https://timarit.is/page/6837449?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Rýnt í bréf í verksmiðju (24.4.2017) [https://timarit.is/files/41438339#search="United%20Silicon"](https://timarit.is/files/41438339#search=)
- Skellt í lás í dag (21.4.2017)  
<https://timarit.is/page/6837212?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/United%20Silicon>
- ÍAV krefur kísilverið um tvo milljarða (20.4.2017)  
<https://timarit.is/page/6837091?iabr=on#page/n7/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Ráðherra segir nóg komið hjá United Silicon í Helgúvík (19.4.2017)  
<https://timarit.is/page/6923211?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Stærsti eigandi United Silicon hættur í stjórninni (19.4.2017)  
[https://timarit.is/files/41451299#search="Silicon"](https://timarit.is/files/41451299#search=)
- Skella átti í lás hjá United Silicon (19.4.2017)  
<https://timarit.is/page/7202197?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Með öllu óljóst hvenær framleiðsla hefst á ný (19.4.2017)  
<https://timarit.is/page/7202202?iabr=on#page/n5/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Srax varað við nálægð United Silicon við íbúa (7.4.2017)  
<https://timarit.is/page/6825932?iabr=on#page/n5/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Opinn fundur umhverfisnefndar Alþingis: þungum áhyggjum lýst af rekstir kísilvers í Helgúvík (6.4.2017) [https://timarit.is/files/41449899#search="Helguv%20Helguv%20Helguv"](https://timarit.is/files/41449899#search=)
- Eldur kviknaði við verksmiðju United Silicon í Helgúvík (4.4.2017)  
<http://www.sudurnes.net/frettir/eldur-kviknadi-vid-verksmidju-united-silicon/>
- 
- Verksmiðja á síðasta séns (30.3.2017)  
<https://timarit.is/page/6923147?iabr=on#page/n7/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Vilja loka United Silicon vegna mengunar (28.3.2017)  
[https://timarit.is/files/39586909#search="United%20Silicon%20United%20Silicon%20United%20Silicon%20United%20Silicon"](https://timarit.is/files/39586909#search=)
- "Íbúum stafar ekki bráð hætta af mengun" (28.3.2017)  
<https://timarit.is/page/6820838?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/United%20Silicon>



- Krabbameinsvaldandi eiturefni geta borist að leikskóla (24.3.2017) <https://timarit.is/page/6883331?iabr=on#page/n7/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Umhverfisstofnun undirbýr úttekt á United Silicon (23.3.2017) <https://timarit.is/page/6923117?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Styrkur arsens í andrúmslofti hefur margfaldast eftir að framleiðsla hófst hjá USi í Helguvík (20.3.2017) <http://www.sudurnes.net/frettir/styrkur-arsens-i-andrumslofti-hefur-margfaldast-efir-ad-framleidsla-hofst-hja-usi-i-helguvik/>
- Vill sex mánaða frest til að stöðva mengun (9.3.2017) <https://timarit.is/page/6817794?iabr=on#page/n17/mode/2up/search/United%20Silicon>
- 40 nýjar kvartanir vegna United Silicon (7.3.2017) [https://timarit.is/files/39585479#search="United%20Silicon%20United%20Silicon"](https://timarit.is/files/39585479#search=)
- Kannski er nefið stíflað (3.3.2017) <https://timarit.is/page/6919230?iabr=on#page/n7/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Telja óljóst hvaða efni berast frá kísilverksmiðju (2.3.2017) [https://timarit.is/files/39745894#search="Helguvik%20Helguvik%20Helguvik%20Helguvik"](https://timarit.is/files/39745894#search=)
- Fordæmalaus aukning á útblæstri hér á landi (1.3.2017) <https://timarit.is/page/6818414?iabr=on#page/n5/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Íbúar höfðu glugga lokaða vegna mengunar (23.2.2017) <https://timarit.is/page/6923475?iabr=on#page/n7/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Kísilver í gjörgæslu bankastofnana – Reynsluboltar taka sæti í stjórn USi í Helguvík (23.2.2017) <http://www.sudurnes.net/vidskipti/kisilver-i-gjorgaeslu-bankastofnana-reynsluboltar-taka-saeti-i-stjorn-usi-i-helguvik/>
- 72% hafa áhyggjur af mengun í Helguvík (19.1.2017) <https://timarit.is/page/6923383?iabr=on#page/n19/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Virkjað fyrir land og þjóð (14.1.2017) <https://timarit.is/files/39913439>
- Útflæði kísilyrks ekki í samræmi við starfsleyfi (12.1.2017) [https://timarit.is/files/39745209#search="United%20Silicon%20United%20Silicon"](https://timarit.is/files/39745209#search=)
- Hiti í íbúum vegna brunalyktar frá kísilveri United Silicon (5.1.2017) <https://timarit.is/page/6923054?iabr=on#page/n13/mode/2up/search/United%20Silicon>
- Fylgjast enn vel með í Helguvík (10.1.2017) <http://www.sudurnes.net/vidskipti/fylgjast-enn-vel-med-i-helguvik-engar-athugasemdir-borist-vid-vokunaraaetlun/>
- Kvartanir um mengun þrátt fyrir að slökkt sé á ofni – 3500 vilja kísilver burt úr Helguvík (9.12.2016) <http://www.sudurnes.net/frettir/kvartanir-um-mengun-thratt-fyrir-ad-slokkt-se-a-ofni-3500-vilja-kisilver-burt-ur-helguvik/>
- Fyrsta kísilmálmverksmiðjan í Helguvík gangsett (14.11.2016) <http://www.sudurnes.net/vidskipti/fyrsta-kisilmalmverksmidjan-i-helguvik-gangsett/>
- Frá A-Ö: Deilurnar harðna í Helguvík (8.8.2016) <http://www.sudurnes.net/vidskipti/fra-a-o-deilurnar-hardna-i-helguvik/>
- Kalla þurfti til lögreglu í Helguvík (17.7.2016) <http://www.sudurnes.net/vidskipti/kalla-thurfti-til-logreglu-i-helguvik-deilur-iav-og-united-silicon-fyrir-gerdardom/>
- Leggja niður störf í Helguvík – Kísilver skuldar verktökum milljarð (15.7.2016) <http://www.sudurnes.net/vidskipti/leggja-nidur-storf-i-helguvik-kisilver-skuldar-verktokum-milljard/>

Allar þessar fréttir úr fjölmiðlum síðustu ára um kísilverið í Helguvík og nokkrar um kísilver PCC á Bakka sýna glögg að fjárfestar sem fara út í þessi verkefni vita harla lítið um í hverju þeir eru að fjárfesta. Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun hafa ekki lagaleg tæki og tól til að beina þessu í betri farveg.

Svo er einnig skammarlegt hvítþvegnar matsskýrslur unnar af ráðgjöfum og verkfræðistofum sem vinna eingöngu að hag fjárfestana, eru nýttar trekk í trekk til að slá ryki í augun á sveitarstjórnnum og leyfisveitendum.

Það hefur ekki staðið steinn yfir steini í neinum áætlunum og plönnum sem fram koma í áætlunum og matsskýrslum varðandi þetta eða önnur kísilver. Eignarhald og fjármögnun verkefnanna hafa einkennst af kappi fremur en forsjá.

Allt tal um bestu fánlegu tækni (BAT) er hjóm eitt og dugir ekki til mengunarvarna þegar síendurtekið hefur er að kvikna í þessum verksmiðjum með tilheyrandi truflunum á rekstri ofna ásamt öðrum rekstrartruflunum.



Alltaf þegar drepið er á ofni eða truflun verður í kísilverksmiðju berst út mikil mengun þar sem brennslan verður ófullkomin. Það á við bæði við kólnun og endurhitun ofna. Þá virkar ekkert BAT.

Síðan þegar ofnar verksmiðjanna eru í fullri framleiðslu þá spúa þeir út gróðurhúsalofttegundum eins og enginn sé morgundagurinn. Yfirlýst markmið Íslendinga, þar með talið sumra fjárfesta sem nú vilja endurræsa í Helguvík, er að minnka slíkan útblástur.

Það vita allir sem hafa kveikt í kolagrilli eða gasgrilli að allir í nágrenninu finna lyktina. Hvað þá ef þúsundir tonna af kolum og viðarkurli eru brennd allan sólarhringin allt árið um kring rétt norður af næsta íbúahverfi.

Tveir strompar á verksmiðjuna munu lítið sem ekkert bæta varðandi heilsufarsáhrif mengunar frá kísilverksmiðjunni í Helguvík á íbúa í nágrenninu. Það sýna einmitt síðustu spálíkön og vindrósir sem Arion hefur látið útbúa.

Mengun sem hlýst af kísilveri í nágrenni Helguvíkur er ekki ásættanleg fyrir íbúa Reykjanesbæjar. Því hér er um heilsu okkar að ræða og skerðingu lífsgæða. Það má líkja þessu við skipulagsslys sem skaðar ímynd bæjarins.


Hvorki Arion banka né skúffufyrirtæki bankans verður fyrirgefinn slíkur verknaður. Hér er ímynd Arion banka í húfi líka. Þannig að plís, ekki endurræsa kísilverksmiðjuna í Helguvík. Það verður ekki heillavænlegt fyrir nokkurn aðila.

Albert Svan Sigurðsson (kt. 3110685719)



Athugasemdir við frummatsskýrslu Stakksbergs Arion banka  
Andri Freyr Stefánsson – 20. júní 2020

**Athugasemdir við frummatsskýrslu Stakksbergs Arion banka**  
20. júní 2020



Þann 7. maí sl. tilkynnti Skipulagsstofnun að undangenginni tilkynningu Stakksberg til stofnunarinnar umfjöllun frummatsskýrslu um endurbætur á kísilvermiðju Stakksbergs í Helgúvík. Tillagan væri til kynningar 8. maí og að athugasemdir skyldu berast eigi síðar en 26. júní nk. Þetta er algjörlega í takt við taktleysi Stakksbergs en samráð þeirra við íbúa hefur verið með þeim hætti að samráðstímabilin hafa jafnan verið stutt og tímasett þannig að flestir eru í sumarfríum eða í jólaundirbúningi á sama tíma. Það má svo sem segja að fresturinn sé ekki stuttur núna en margir eru engu að síður í sumarfríum núna. Frummatsskýrslan ásamt fylgiskjölum telur hátt í 400 blaðsíður og vonandi hafa allir ráðgjafar unnið þetta allt á tímakaupi.

#### **Framtíðaráform loftslagsmála í Helgúvík og nágrenni.**

Í blaðagrein sem ég ritaði og birtist á vef VÍkurfréttu 24. ágúst sl.<sup>1</sup> benti ég m.a. á að loftslagsmál væru í brennidepli þar sem kolefnisjöfnun og minnkun kolefnisfótspora væru brýn viðfangsefni. Stjórnvöld hefðu sett markmið um minnkun losunar CO<sub>2</sub> innan marka Parísarsamkomulagsins um 40% fyrir árið 2030. Á sama tíma væru uppi strompar fortíðar og áform um uppbyggingu kísilvera í Helgúvík í rúmlega kílómeters fjarlægð frá rótgróinni íbúabyggð í Reykjanesbæ. Í greininni benti ég á að áform Stakksbergs gengi gegn vilja flestra íbúa og rúmlega meirihluta bæjarstjórnar Reykjanesbæjar og að losun CO<sub>2</sub> á Íslandi myndi aukast um allt að 10% ef starfsemi Stakksbergs hefjist á ný. Fari öll sú vanhugsaða starfsemi í gang í Helgúvík sem fyrirhuguð er þá eykst áætluð losun á CO<sub>2</sub> á Íslandi um 33% miðað við losun 2017 og allt hér í rúmlega kílómeters fjarlægð frá rótgróinni íbúabyggð í Keflavík.

#### **Athugasemdir við tillögu að matsáætlun og endanlega matsáætlun Stakksbergs.**

Í athugasemdum mínum við tillögu að matsáætlun og endanlega matsáætlun Stakksbergs, dags. 8. ágúst 2019<sup>2</sup> gerði ég m.a. athugasemd við það að gögn Stakksbrautar 9 með rýrðan trúverðugleika væru nýtt. Í sömu athugasemdum benti ég á það að bæjarmynd Reykjanesbæjar hafi laskast verulega við byggingu kísilvera Stakksbergs og þegar skorsteinninn væri svo kominn upp þá væri varla hægt að tala hér um fallega bæjarmynd. Fjarskiptamastur eru oft 30 metra há en skorsteinninn hjá Stakksbergi verður hvorki meira né minna en 52. metra hár. Þá benti ég á að síldarbræðslurnar hafi reynt það sama og Stakksberg hyggst reyna nú en peningalykt síldarbræðslanna var áfram umliggjandi þær þrátt fyrir strompana og að sama skapi má ætla að gjaldþrotalyktin verði áfram umliggjandi Stakksberg þrátt fyrir 52 metra háan strompinn. Ég benti á að ríkjandi vindáttir hér í bæ væru norðlægar áttir og að mengun, sér í lagi dreifing rokkgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) yrði stefnt yfir rótgróna íbúabyggð, skóla, leikskóla o.fl. Í tillögu Stakksbergs var búist við að minnkaðar líkur væru á því að lykt myndi finnast með tilkomu endurbótanna en þar sem ekki lægju fyrir greiningarmörk lyktar vegna TVOC efna væri ekki hægt að fullyrða að lykt hverfi með öllu.

#### **Athugasemdir við frummatsskýrslu Stakksbergs 2020.**

Í frummatsskýrslu Stakksbergs eru nú bara einhverjar spekulásjónir um VOC og síðan talað um að áhrif á heilsu séu *verkfræðilega* metin óveruleg. Í stað þess að rannsaka þennan mikilvæga þátt sem íbúar kvörðuðu sáran undan 2016-2017 þá er einungis fyrirhuguð hjá Stakksbergi og ráðgjöfum þeirra að gera frekari mælingar á styrk VOC efna eða mat á lykt eftir að rekstur hefst að nýju og þá á sóttvarnarlæknir að verða fenginn til að fylgjast áfram með greiningum einkenna sem geta tengst loftmengun á svæðinu. Þetta fyrirkomulag er alls ekki ásættanlegt og gera verður kröfu til yfirvalda að þau hleypi ekki framkvæmdum af stað fyrr en þetta liggur algjörlega 100% ljóst fyrir. Gera verður þessa kröfu einfaldlega vegna þess að þetta er algjör grundvallarforsenda fyrir því að þetta kísilver geti starfað eftir endurbætur í rétt rúmlega kílómeters fjarlægð frá byggð. Þann 19. júní sl. var sinubruni hér suðvestan megin við heimili mitt í ámóta fjarlægð og kísilver Stakksberg er norðaustan megin við

<sup>1</sup> Sjá viðauka I.

<sup>2</sup> Sjá viðauka II.



Athugasemdir við frummatsskýrslu Stakksbergs Arion banka  
Andri Freyr Stefánsson – 20. júní 2020

mig. Lyktin frá sinubrunanum barst hingað þegar tekið var að lygna um miðnætti og minnti ískyggilega á sömu stybbuna sem barst frá kísilveri Stakksbergs 2016-2017 sem þó var verri. Í tilfelli sinubrunans og í tilfellum lyktarmengunar frá kísilveri Stakksbergs þurfti að loka gluggum og var það og er algjörlega óásættanlegt í tilfelli þess síðarnefnda.

Í frummatsskýrslu Stakksbergs eru fjölmargir útreikningar. Í matsskýrslu Stakksbrautar 9 frá árinu 2013 voru einnig fjölmargir útreikningar sem stóðust svo ekki en yfirvöld gerðu þar engar athugasemdir við þá útreikninga eða hvaðan þeir stöfuðu. Tafla 1 í samantektarkafli frummatsskýrslu Stakksbergs vakti athygli mína og ég velti fyrir mér hvort það sé ekki nauðsynlegt að framkvæmdaraðili og eftir atvikum eigandi og ráðgjafi þeirra (svona í ljósi fyrri svika og gjaldþrotasögunnar) ábyrgist það með einhverskonar tryggingum ef síðar kemur í ljós að útreikningar þeirra sem þeir alhæfa um standast ekki? Hér væri einnig hægt að sníða starfsleyfið að framsettum hæsta reiknaða styrks eins og þarna kemur fram grænritað þannig að ef verksmiðjan stenst ekki þessi viðmið að þá kalli það á afturköllun starfsleyfis þeirra enda eru þá forsendur brostnar. Það þyrfti a.m.k. að gera ráð fyrir því að ábyrgð núverandi eiganda gildi þrátt fyrir sölu á Stakksbergi í framtíðinni.

Ég er afskaplega ósáttur við framsetningu mynda hjá Stakksbergi í öllu ferlinu og einnig í frummatsskýrslu þeirra, sbr. kafli 8.8. Afskaplega er það nú dapurt þegar ekki er hægt að sýna myndir í takt við raunveruleikann, þetta er mikið stærra í raun heldur en fram kemur á þessum myndum. Þá eru tölvumyndirnar væntanlega ekki að sýna raunverulega mynd af því hvernig allt á að vera eftir breytingar og geri ég athugasemdir við þetta.

Í samantekt yfir umhverfisáhrif í frummatsskýrslu Stakksbergs eru áhrif á samfélag það eina sem er jákvætt að þeirra mati. Annað telja þeir óverulegt en aðeins þrennt er talið nokkuð neikvætt. Þarna eru fjölmargir þættir sem ég hefði haldið að þyrftu að vera metnir frá öðru sjónarhorni en verkfræðilegu og geri ég athugasemdir við það.

Umfjöllun um núllkost, sbr. kafli 5.7.4 í frummatsskýrslu er verulega ábótavant, meðal annars með tilliti til samfélags og heilsu en þessi kostur samrýmist markmiði mínu og fjölda íbúa Reykjanesbæjar og er alveg raunhæfur kostur þó það samræmist ekki markmiðum Stakksbergs. Það hefði örugglega mátt stytta eitt og annað í þessari frummatsskýrslu en merkileg ófyrirleitni sem felst í því að gera eins lítið úr núllkostinum og Stakksberg gerir. Það mætti spyrja hvernig í ósköpunum það samræmist markmiði eiganda Stakksbergs (Arion banka) að koma beint að uppbyggingu á kísilveri í Helgavík.

Ég tek annars að öðru leyti undir athugasemdir sem Reykjanesbær hefur skilað vegna frummatsskýrslu Stakksbergs sem og annarra aðila sem styðja ekki áform Stakksbergs.

Reykjanesbær, 20. júní 2020  
Andri Freyr Stefánsson



## Viðauki I

### Framtíðaráform loftslagsmála í Helguvík og nágrenni 24. ágúst 2019

Loftslagsmál eru í brennidepli þar sem kolefnisjöfnun og minnkun kolefnisfótspora eru brýn viðfangsefni. Síðustu þrjú árin hef ég alla jafna ferðast til og frá vinnu með almenningssamgöngum til að minnka mitt kolefnisfótspor. Stjórnvöld hafa sett markmið um minnkun losunar CO<sub>2</sub> (koldíoxíð) innan marka Parísarsamkomulagsins um 40% fyrir árið 2030. Á sama tíma eru uppi strompar fortíðar og áform um uppbyggingu tveggja kísilvera í Helguvík sem verða þau stærstu í heiminum í rúmlega kílómeters fjarlægð frá rótgróinni íbúabyggð í Reykjanesbæ.

#### United Silicon sem aldrei kunní að ganga

Flestum er kunnug saga United Silicon sem fékk að menga nærri óáreitt frá nóvember 2016 þar til reksturinn var stöðvaður í september 2017. Dönsk verkfræðistofa neitaði að hafa unnið mengunarspá en yfirvöld samþykktu útreikningana. Aðalverktakinn hætti framkvæmdum vegna skulda. Þetta var eina stóriðjan á Íslandi sem var án sérkjarasamninga. Byggingar voru ekki innan gildandi deiliskipulags. Met voru slegin í fjölda kvartana frá íbúum og eftirlit Umhverfisstofnunar var fordæmalaust. Skýrsla Ríkisendurskoðunar til Alþingis staðfestir að fleiri en einn pottur var brotinn í stjórnsýslunni. Við gjaldþrot 2018 töpuðu stórir sem smáir lífeyrissjóðir milljörðum, aðalverktakinn rúmum milljarði, fyrrverandi starfsmenn, Reykjanesbær o.fl. umtalsverðum upphæðum.

#### Stakksberg úr öskunni í eldinn

Eigandi verksmiðjunnar, Stakksberg, veður nú úr öskunni í eldinn gagnvart íbúum Reykjanesbæjar og hyggst lappa upp á hana fyrir á fimmta milljarð króna. Áform Stakksberg ganga gegn vilja flestra íbúa og rúmlega meirihluta bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Saga Stakksbergs er stutt en fulltrúi eiganda Stakksbergs var einnig í stjórn United Silicon frá vori 2017 fram að þroti þess. Stakksberg hefur nú heitið því að leita samráðs og samvinnu við íbúa. Samráðið er þó ekki laust við klæki því samráðstímabilin eru jafnan stutt og tímasett þannig að flestir eru í sumarfríum eða í jólaundirbúningi á sama tíma. Þá var íbúafundur boðaður með eins til tveggja daga fyrirvara. Í sérstakri samráðsgátt (samrad.stakksberg.com) tókst Stakksbergi ekki að leita samráðs við íbúa um þau atriði sem áhyggjur íbúa beinast helst að en þeir hafa jú lofað að vanda sig.

#### Þriðjungur allrar CO<sub>2</sub> mengunar á Íslandi gæti komið frá Helguvík

Kísilver brenna kolum í stórum stíl og markmið kísilveranna er að brenna 315.000 tonnum af kolum árlega. Við brennslu á kolum myndast mörg efnasambönd, meðal annars CO<sub>2</sub>, SO<sub>2</sub> (brennisteinstvíoxíð), NO<sub>x</sub> (köfnunarefnisoxíð) o.fl. Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis í apríl 2017 var það rætt hvort ekki væri ástæða til að banna slíkan mengandi iðnað svo nálægt íbúabyggð. Með almennri skynsemi mætti komast að þeirri niðurstöðu að starfsemi sem þessi eigi ekki að vera staðsett í kílómeters fjarlægð frá byggð. RÚV greindi frá því að losun CO<sub>2</sub> á Íslandi myndi aukast um rúm 10% ef starfsemi Stakksbergs hefjist á ný. Í óhugnarlegu svari Umhverfisstofnunar við fyrirspurn minni myndi áætluð losun CO<sub>2</sub> aukast um allt að 25% fari bæði kísilver í gang og bætist álverið við þá eykst áætluð losun um allt að 33% á öllu Íslandi miðað við losun 2017. Það yrði fróðlegt að vita hvað Stakksberg og Thorsil þyrftu að gróðursetja mörg tré vegna bindingar þeirrar kolefnislosunar sem hlýst af starfsemi þeirra en fyrirtæki í landinu hafa einmitt verið hvött til þess, meðal annars af eiganda Stakksbergs.

#### Augljós krafa um íbúakosningu

Um síðustu áramót söfnuðu Andstæðingar stóriðju í Helguvík 2.700 undirskriftum íbúa Reykjanesbæjar sem er um fjórðungur kosningabærra aðila þar sem krafist var þess að bæjaryfirvöld Reykjanesbæjar myndu láta fara fram íbúakosningu um það hvort kísilverksmiðja Stakksbergs fái að



hefja starfsemi á ný og um það hvort kísilverksmiðja Thorsil verði reist í bæjarfélaginu. Umrædd undirskriftasöfnun var metin ólögæt af lögmanni Reykjanesbæjar og engin kosning fór fram. Undirskriftasöfnunin sannar þó að íbúar vilja fá að kjósa um það hvort þessar verksmiðjur eigi rétt á sér í bakgarði íbúa.

#### **Stefnir Reykjanesbær á lista yfir menguðustu sveitarfélög í Evrópu eða ekki?**

Framtíðaráform loftslagsmála í Helguvík og nágrenni eru vægast sagt áhyggjuefni. Mengun frá stóriðjunni í Helguvík yrði á bilinu 25%–33% allrar losunar CO<sub>2</sub> á Íslandi ásamt losun fjölmargra annarra óæskilegra efna og efnasambanda sem frá þessum verksmiðjum koma. Mér hugnast vægast sagt ekki áform Stakksbergs og finnst samstarf þeirra hingað til við íbúa með eindæmum lélegt. Frá sjónarhorni íbúa væri æskilegast fyrir Stakksberg að skoða núllkostinn. Stakksberg og Thorsil mættu alvarlega ihuga áskorun meirihluta bæjarstjórnar Reykjanesbæjar og fulltrúa Miðflokksins um að falla frá áformum sínum um rekstur kísilverksmiðja í Helguvík enda endurspeglar sú áskorun vilja meirihluta íbúa Reykjanesbæjar. Almennt þarf svo að taka afstöðu til þess hvort við viljum að Reykjanesbær verði frægastur sveitarfélag á norðurhveli jarðar fyrir að menga mest eða hvort stefnt verði að grænni framtíð þar sem umhverfissjónarmið eru í forgrunni. Iðnaðaruppbyggingin í Helguvík er augljóslega eitt allra stærsta hagsmunamál íbúa Reykjanesbæjar og kosning um framtíð stóriðjunnar í Helguvík er bráðnauðsynleg. Ég kys góð loftgæði til handa íbúum Reykjanesbæjar og komandi kynslóðum sem endurspeglast í betri lífsgæðum framyfir ófullkomnar kolabrennandi kísilverksmiðjur í kílómetra fjarlægð frá byggð. Það er ekki of seint að hætta við núna og ég vona innilega að þessi kísilverkerkefni hverfi héðan úr Helguvík. Svæðið fær í framhaldi nýjan tilgang og aðra starfsemi sem þrífst í sátt og samlyndi við íbúa í nágrenninu sem verður sannarlega farsælla til framtíðar litið fyrir alla.

Andri Freyr Stefánsson  
íbúi í Reykjanesbæ



## Viðauki II

### Athugasemdir við tillögu að matsáætlun og endanlega matsáætlun Stakksbergs 8. september 2019

Stakksberg tók þá ákvörðun að framkvæma nýtt umhverfismat á starfsemi kísilverksmiðju í Helguvík sem mikill meirihluti íbúa Reykjanesbæjar eru á móti. Stakksberg virðist það engu máli skipta og heldur áfram sínu óskiljanlega striki. Komi til íbúakosninga er ég þess fullviss að niðurstöður þeirra leiði í ljós að betur hefði verið heima setið en af stað farið hjá Stakksbergi í endurbætur á kísilveri sem er eins illa staðsett og hugsast getur gagnvart íbúabyggð Reykjanesbæjar. Loftslagsmál, kolefnisjöfnun og minnkun kolefnisfótspora virðist ekki skipta Stakksberg neinu máli né heilsa og lífsgæði íbúa Reykjanesbæjar.

Í tillögu að matsáætlun og endanlegri matsáætlun Stakksbergs er vísað í matsáætlun Stakksbrautar 9 en við lestur þeirrar áætlunar og þeirra gagna sem Stakksberg og Verkís hafa nú lagt fram er ekki laust við að samhengi hlutanna liggja í lausu lofti. Það hjálpar ekki við mat á trúverðugleika og trausti til matsferlisins í heild þegar Stakksberg nýtir sér að hluta gögn með rýrðan trúverðugleika. Hver er trúverðugleiki gagna Stakksbergs sem byggir á slíkum gögnum? Sé það vilji Stakksberg að nýta sér gögn Stakksbrautar 9 þurfa þeir að fara í algjöran samanburð á þeim gögnum og útskýra með nákvæmum hætti öll frávík.

Hér er talað um að reisa eigi 52 metra háan skorstein við hlið síuhúss. Bæjarmyndin laskaðist verulega við byggingu kísilvers Stakksbergs og þegar skorsteinninn verður kominn verður varla hægt að tala um fallega bæjarmynd. Fjarskiptamastur eru oft 30 metra há og hér í heiðinni er eitt slíkt. Skorsteinninn hjá Stakksbergi yrði 22 metrum hærri en það mastur. Stakksberg virðist ekki gera sér grein fyrir því að ríkjandi vindáttir eru norðanáttir og í slíkum vindáttum þá liggur mengunin frá verksmiðju þeirra yfir byggð Reykjanesbæjar. Íbúar Reykjanesbæjar kæra sig flestir ekki um þessa mengun. Síldarbræðslurnar víða um land reyndu á sínum tíma að draga úr lyktarmengun með því að reisa háa strompa fyrir útblástur en allt kom fyrir ekki og peningalyktin var umliggjandi verksmiðjurnar. Bíði sömu örlög Stakksbergi munu þeir að öllum líkindum viðhalda gjaldþrotalyktinni sem barst frá United Silicon 2016-2017 þrátt fyrir 52 metra háan skorsteininn og tæpa 5 milljarða af ferskum peningum.

Ég dreg umfjöllun hér í algjöran efa þar sem Stakksberg mun nýta sér gögn Stakksbrautar 9 án þess að fara í algjöran samanburð á þeim gögnum og útskýra öll frávík. Það er alveg ljóst að hæsti reiknaði styrkur um núverandi rjáfur er í engu samræmi við það sem kom fram í gögnum Stakksbrautar og var undanfari útgáfu starfsleyfis sem Stakksberg hefur fengið framselt til sín. Eins er framsetning mengunarefna mjög villandi hér þegar Stakksberg miðar bara við framleiðslu á einu tonni og miðar bara við einn ofn. Það hlýtur að vera hægt að setja þetta fram meira í takt við raunveruleikann. Eins dreg ég útreikning Vatnaskila í efa þar sem loftdreifingarlíkan sem þeir vinna fyrir Stakksberg byggir ekki á neinni reynslu starfandi stóriðja heldur eingöngu fyrirhugðu álveri Norðuráls í Helguvík og fyrirhugðu kísilveri Thorsil sem engin starfsreynsla er af. Stakksberg líkt og forveri þess ætlar því í enn eina tilraunstarfsemina hvað þetta varðar. Ég get a.m.k. staðfest það að þegar það voru norðanáttir þá fann ég verulega fyrir menguninni frá kísilveri Stakksbergs 2016-2017.

Hér er settur stór fyrirvari á dreifingu VOC (lyktarvaldandi efnum), þ.e. eingöngu er „búist við að minnkaðar líkur séu á því að lykt finnist með tilkomu endurbótanna en þar sem ekki liggja fyrir greiningarmörk lyktar vegna TVOC efna er ekki hægt að fullyrða að lykt hverfi með öllu“. ER ÞAÐ NÓGU GOTT? Borgar sig að setja tæpa 5 milljarða króna í endurbætur á kísilveri sem virkaði ekki sem mun síðan valda íbúum Reykjanesbæjar sömu vanlíðan vegna lyktarmengunar og annarrar mengunar áfram? Það sama á við hér eins og athugasemdin hér að ofan um að það hlýtur að vera hægt að setja



Athugasemdir við frummatsskýrslu Stakksbergs Arion banka  
Andri Freyr Stefánsson – 20. júní 2020

Þetta fram meira í takt við raunveruleikann og rétt væri að sýna þetta í stærra samhengi en í hlutfallsmörkum klukkustundargilda.

Það er ekki of seint að hætta við núna og ég hvet ykkur eindregið til þess. Reykjanesbær á ekki að verða frægastur sveitarfélagi á norðurhveli jarðar fyrir að menga mest og stefna ætti að grænni framtíð þar sem umhverfissjónarmið eru í forgrunni. Ég kýs góð lífsgæði til handa íbúum Reykjanesbæjar og komandi kynslóðum sem endurspeglast í betri lífsgæðum framyfir ófullkomnar kolabrennandi kísilverksmiðjur í kílómetra fjarlægð frá byggð.



## Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir

**From:** Atli Gylfason <atli.gylfason@gmail.com>  
**Sent:** miðvikudagur, 24. júní 2020 12:28  
**To:** Skipulagsstofnun  
**Subject:** Mitt álit á endurræingu á kísilverksmiðju í Helgubík



Góðan daginn,

mitt álit á því hvort endurræsa eigi þessa verksmiðju er einfalt. Það á ekki undir neinum kringumstæðum að endurræsa þessa verksmiðju! Þá ekki undir neinum kringumstæðum. Að mínu mati á svona stóriðja ekki heima svona nálægt byggð. Ég sendi talsvert magn af tölvupstum á MAST á sínum tíma og lýsti mínum vandamálum tengdum þeirri verksmiðju.

Þegar United Silicon ræsti sína verksmiðju á sínum tíma hófst skelfilegt tímabil hjá mér og minni fjölskyldi. Þó sérstaklega mér. Eftirfarandi atriði eru þau þrjú stærstu.

1. Öndunarfærin. Mig sveið alltaf í hálsinn. Vaknaði á nóttinni hóstandi o.s.frv. Ég var farinn að laumast í gamalt astmapúst sem dóttir mín hafði fengið. Ég vann í Reykjavík á þessum tíma og hafði þér sérlega góðan samanburð um hvort þetta væri verksmiðjan eða ekki. Þetta vandamál var ekki til staðar fyrr en verksmiðjan fór í gang. Skv. frummatsskýrslunni á þessi neyðarskorsteinn að dreifa betur lyktvaldandi efnum þegar hann er á skertu affli. Hvað gerist þá... þá fæ ég óhreinsað loft með fullt af fínu kísilyrki yfir mig... ekki raunhæft!

2. Augun. Eins með öndunarfærin þá var ég alltaf hálf rauðeygður. Augndropar urðu minn besti vinur á þessum tíma. Frummatsskýrslan segir ekkert um að það ætti eftir að lagast.

3. Lyktin. Lyktin fór ofboðslega illa með mig. Maður fann ekki einu sinni almennilega lyktina af matnum sem maður var að grilla. Skv. frummatsskýrslunni kemur fram að þeir kostir sem á að framkvæma séu ekki raunhæfir!!!

Að þessu töldu þá má fastlega ætla sem svo að svona atriði til lengdar geta á engann hátt verið góð fyrir heilsuna. Hvernig má ætla sem svo að þetta hafi engin áhrif og/eða lítilsháttar? Hvernig má réttlæta það að ég og mín fjölskylda þurfum allt í einu og á Íslandi þar að auki að þurfa að fara berjast fyrir þeim grundvallarréttindum að anda að sér hreinu lofti??? Það er verið að taka þau réttindi af okkur. Ekki vill ég að börnin mín þurfi að alast upp við svona aðstæður. Enginn vill það. Ekki geri ég ráð fyrir að eigendur og stjórnendur Stakkbergs eða Arion banka mundu vilja búa við slíkar aðstæður?? Íbúar Reykjanesbæjar hafa ítrekað komið því til skila að þeir vilja ekki hafa þetta hérna.

Eftir að hafa lesið frummatsskýrsluna er EKKERT sem gefur til kynna annað en það ég og mínir komum til með að lenda í þessum aðstæðum aftur!!

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1526/Frummatsskýrsla%20Stakksberg.pdf>

Svo koma fréttir um að Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar hafi sent ykkur Skipulagsstofnun ansi neikvæða umsögn um allt þetta fiasko.

Ég hélt þessum pósti eins kurteisum og hægt var. Ég ætla halda því fyrir mig hversu gróft ég hefði viljað hafa þetta en í stuttu þá vill ég verksmiðjuna burt, fjarlægða með öllu!

kv,  
Atli Gylfason  
130678-5219



# Umsögn

## vegna frummatsskýrslu Stakkbergs um endurbætur á kísilmálmverksmiðjunni í Helguvík.

Ég veit satt að segja ekki hvort maður á að hlæja eða gráta eftir lestur frummatsskýrslu Stakkbergs um endurbætur á kísilmálmverksmiðjunni í Helguvík. Það er ekki nóg að setja fallegar tölur á blað, ekki nóg að færa þetta í fallegan búning. Þessi skýrsla minnir um margt á söguna um nýju fötin keisarans, fallegar umbúðir, fögur fyrirheit, ekkert innihald. Bæjarbúar hafa áður fengið að heyra um „bestu fánlegu tækni, enga loftmengun, að áhrif á aðra umhverfisþætti verði óveruleg“ og fleira í þeim dúr.

Raunin varð allt önnur þegar verksmiðjan var reist og í ljósi þess geta bæjarbúar í Reykjanesbæ engan veginn treyst því að hörmungarsaga verksmiðjunnar í Helguvík muni ekki endurtaka sig, verði hún ræst að nýju. Sporin hræða, sá sem einu sinni hefur verið ótrúverðugur, mun alltaf verða ótrúverðugur. Það er talað um að reisa ný mannvirki, þar á meðal 52 m. háan skorstein. 52 m. hár skorsteinn mun verða mikil sjónmengun og er þó ekki á bætandi, þar sem núverandi verksmiðjan var byggð mun hærrí en leyfi var fyrir í upphafi, fyrir svo utan loftmengunina af þessari verksmiðju.

Í skýrslunni stendur að niðurstöður útreikninga á dreifingu mengunarefna í andrúmslofti bendi til að styrkur verði alls staðar vel innan viðmiðunarmarka reglugerða eftir endurbætur á núverandi verksmiðju og að endurbætur á mannvirkjum muni bæta verulega dreifingu mengunarefna í andrúmslofti í samanburði við núverandi fyrirkomulag mannvirkja. Heyr á endemi. Eigendur verksmiðjunnar hafa alltaf þrætt fyrir að nokkur mengun sé af verksmiðjunni, a.m.k. sé hún svo lítil og „innan marka“ að það taki því ekki að tala um það. Ég á við öndunarvandamál að stríða og þurfti oft að loka mig inni á meðan verksmiðjan var í gangi. Á góðvirðisdögum mátti ég hirstast inni í steikjandi hita, loka öllum gluggum til að fá ekki óloftið inn til mín, halda mig skuggamegin í húsinu og draga fyrir alla glugga til að reyna að takmarka hitann í húsinu. Ég veit að svo var um fleiri íbúa Reykjanesbæjar, sem áttu við að stríða öndunarvandamál af ýmsu tagi. Ég þarf ekki að láta aðra segja mér hvernig mér líður, hvorki einhverja skýrsluhöfunda né heldur verksmiðjueigendur, sem hugsa bara um veskin sín en ekki heilsu bæjarbúa og búa auk þess ekki á svæðinu og vita því ekkert um óloftið sem af þessu stafar.

Kísilmálmverksmiðjan á Húsavík er annað dæmi um hvernig reksturinn á þessum verkmiðjum gengur. Hún átti að vera svo fullkomin og mun fullkomnari og betri en verksmiðjan í Helguvík. Það vita allir hvernig hún hefur gengið og líklega guðspakkarvert að ekki hafi orðið mannskæð slys þar. Við brennslu kola myndast þrjú skaðleg mengunarefni sem hafa áhrif á heilsu fólks. Þetta eru Brennisteinsdíoxíð (SO<sub>2</sub>), Köfnunarefnisoxíð (NO<sub>x</sub>) og svífrík eða öragnir í andrúmsloftinu (PM). Vitað er að þessi efni eru einnig skaðleg í litlum mæli, einnig undir núgildandi viðmiðunarmörkum reglugerða. Verksmiðjan í Helguvík er einungis í 2 km. fjarlægð frá byggð! Er það virkilega svo að 5 manna stjórn í fjármálafyrirtæki geti lögformlega hafið eiturefnaherferð á u.þ.b. 20 þúsund manna íbúabyggð í þeim eina tilgangi að græða peninga á því?

Að flytja inn kol, með ærnum tilkostnaði og brenna þau síðan, er langt frá



öllum samþykktum um loftslagsmál og skuldbindingar Íslands varðandi losunarheimildir. Það eru allar líkur á að Ísland geti ekki staðið við sínar skuldbindingar hvað varðar Parísarsamkomulagið og verði því að kaupa sér losunarheimildir. Það hlýtur hver heilvita maður að sjá að rekstur kísilmálmveksmiðju, eins og þeirrar í Helguvík er tímaskekkja, skelfileg tímaskekkja.

Reykjanesbæ, 24. Júní, 2020

Ástríður Helga Sigurðardóttir

030753-2839

Heiðargarði 11,

260, Reykjanesbæ.



# Umsögn

vegna frummatsskýrslu Stakkbergs  
um endurbætur á kísilmálmverksmiðjunni í Helguvík.

 Skipulagsstofnun

Mótt.: 24. júní 2020  
Málnr.

20|20|03|05|1

Mikið lífandi skelfingar ósköp ætlar það að reynast Arionbanka/Stakksbergi erfitt að meðtaka þá staðreynd að bæjarbúar vilja ekki þessa verksmiðju yfir sig aftur. Þrátt fyrir nýja og stagbætta matsskýrslu og fögur fyrirheit um að allt verði betra en síðast hafa bæjarbúar engan áhuga á að taka sénsinn á að svo verði, skaðbrenndir eftir þær hörmungar sem þetta verksmiðjubrólt leiddi yfir þá síðast. Einmitt þá fengu bæjarbúar einnig að heyra fögur fyrirheit um „bestu fáanlegu tækni“ og hvaðeina en ekkert, bókstaflega ekkert af því stóðst. Allir eftirlitsaðilar og leyfisveitendur brugðust bæjarbúum í málinu. Þeir hafa engan hug á að ganga í gegnum þau svipugöng aftur og traust til eigenda verksmiðjunnar er algjörlega á núlli eftir það sem á undan er gengið. Við höfum einnig fylgst með gangi mála hjá PCC á Bakka, sem er ekkert ósvipaður og var hjá United Silicon. Samt sóru forsvarsmenn PCC og sárt við lögðu að sagan myndi ekki endurtaka sig, þeir ætluðu að gera þetta miklu betur og vanda til verka „með bestu fáanlegri tækni“. Raunin virðist allt önnur og í ljósi þess geta bæjarbúar í Reykjanesbæ engan veginn treyst því að hörmungarsaga verksmiðjunnar í Helguvík muni ekki endurtaka sig, verði hún ræst að nýju. Bæjarbúar vilja einfaldlega þessa verksmiðju burt. En eigendur hennar virðast hugsa eingöngu um sína peningalegu hagsmuni, kæra sig kollótta um heilsu og velferð bæjarbúa og ætla að neyða þennan ófögnuð uppá þá á nýjan leik.

Við brennslu kola myndast þrjú skaðleg mengunarefni sem hafa áhrif á heilsu fólks. Þetta eru Brennisteinsdíoxíð (SO<sub>2</sub>), Köfnunarefnisoxíð (NO<sub>x</sub>) og svífrík eða öragnir í andrúmsloftinu (PM). Vitað er að þessi efni eru einnig skaðleg í litlu mæli, einnig undir núgildandi viðmiðunarmörkum reglugerða. Og þessi verksmiðja er einungis í 2km fjarlægð frá byggð! Er það virkilega svo að 5 manna stjórn í fjármálafyrirtæki geti lögformlega hafið eiturefnaherferð á u.þ.b. 20 þúsund manna íbúabyggð í þeim eina tilgangi að græða peninga á því?

Þessi verksmiðja er hrikaleg tímaskekkja á tímum þegar mannkynið allt stendur frammi fyrir gríðarlegum vanda í loftlagsmálum. Hún er tímaskekkja þegar það liggur fyrir að Íslendingar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart annarri samþykkt Kýótóbókunarinnar. Ísland skuldbatt sig til að draga úr losun um fimmtung en hún hefur hins vegar verið stöðug síðan 2011. Þessi verksmiðja er tímaskekkja þegar Íslendingar eru langt frá því að geta staðið við skuldbindingar Parísarsamkomulagsins og þurfa að kaupa losunarheimildir.

Fullyrðingar í matsskýrslunni eru sumar hverjar hreint kostulegar, eins og að 70-80 störf vegi upp á móti þeim óþægindum sem íbúar verði fyrir af rekstri verksmiðjunnar, sem er í eðli sínu verulega mengandi, eins og kemur fram í skýrslunni. Dettur mönnum það virkilega í hug að bæjarbúar séu til í að fórna loftgæðum og þar með lífsgæðum sínum fyrir 70-80 störf? Jafnvel þótt atvinnuleysi sé 20% núna kemur þetta auðvitað ekki til greina. Þó það væri 40%!

Sú fullyrðing að fjórir bræðsluofnar muni menga minna en sá eini sem var fyrir verður að teljast hlægileg í besta falli. Þetta stenst enga skoðun. Mennt réðu ekki einu sinni við að reka einn ofn, eins og raun ber vitni. Hjá PCC á Bakka hafa menn verið í miklum vandræðum með að reka tvo ofna. Annað hvort eru rekstaraðilar þessara tveggja kísilvera algjörir viðvaningar eða þá að verksmiðjurnar eru



gallaðar. Nema hvoru tveggja sé. Hvernig í ósköpunum á maður að trúa því að þessir aðilar geti rekið fjóra ofna skammlaust í ljósi þess sem á undan er gengið?

Þrátt fyrir nýja og stagbætta matsskýrslu og fögur fyrirheit um að allt verði betra en síðast hafa bæjarbúar engan áhuga á að taka sénsinn á að svo verði, skaðbrenndir eftir þær hörmungar sem þetta verksmiðjubrólt leiddi yfir þá síðast. Einmitt þá fengu bæjarbúar einnig að heyra fögur fyrirheit um „bestu fáanlegu tækni“ og hvaðeina en ekkert, bókstaflega ekkert af því stóðst. Allir eftirlitsaðilar og leyfisveitendur brugðust bæjarbúum í málinu. Þeir hafa engan hug á að ganga í gegnum þau svipugöng aftur og traust til eigenda verksmiðjunnar er algjörlega á núlli eftir það sem á undan er gengið. Við höfum einnig fylgst með gangi mála hjá PCC á Bakka, sem er ekkert ósvipaður og var hjá United Silicon. Samt sóru forsvarsmenn PCC og sárt við lögðu að sagan myndi ekki endurtaka sig, þeir ætluðu að gera þetta miklu betur og vanda til verka „með bestu fáanlegri tækni“. Raunin virðist allt önnur og í ljósi þess geta bæjarbúar í Reykjanesbæ engan veginn treyst því að hörmungarsaga verksmiðjunnar í Helguvík muni ekki endurtaka sig, verði hún ræst að nýju. Bæjarbúar vilja einfaldlega þessa verksmiðju burt. En eigendur hennar virðast hugsa eingöngu um sína peningalegu hagsmuni, kæra sig kollótta um heilsu og velferð bæjarbúa og ætla að neyða þennan ófögnuð uppá þá á nýjan leik.

Við brennslu kola myndast þrjú skaðleg mengunarefni sem hafa áhrif á heilsu fólks. Þetta eru Brennisteinsdíoxíð (SO<sub>2</sub>), Köfnunarefnisoxíð (NO<sub>x</sub>) og svifrik eða öragnir í andrúmsloftinu (PM). Vitað er að þessi efni eru einnig skaðleg í litlu mæli, einnig undir núgildandi viðmiðunarmörkum reglugerða. Og þessi verksmiðja er einungis í 2km fjarlægð frá byggð! Er það virkilega svo að 5 manna stjórn í fjármálafyrirtæki geti lögformlega hafið eiturefnaherferð á u.þ.b. 20 þúsund manna íbúabyggð í þeim eina tilgangi að græða peninga á því?

Þessi verksmiðja er hrikaleg tímaskekkja á tímum þegar mannkynið allt stendur frammi fyrir gríðarlegum vanda í loftlagsmálum. Hún er tímaskekkja þegar það liggur fyrir að Íslendingar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart annarri samþykkt Kýótóbókunarinnar. Ísland skuldbatt sig til að draga úr losun um fimmtung en hún hefur hins vegar verið stöðug síðan 2011. Þessi verksmiðja er tímaskekkja þegar Íslendingar eru langt frá því að geta staðið við skuldbindingar Parísarsamkomulagsins og þurfa að kaupa losunarheimildir.

Fullyrðingar í matsskýrslunni eru sumar hverjar hreint kostulegar, eins og að 70-80 störf vegi upp á móti þeim óþægindum sem íbúar verði fyrir af rekstri verksmiðjunnar, sem er í eðli sínu verulega mengandi, eins og kemur fram í skýrslunni. Dettur mönnum það virkilega í hug að bæjarbúar séu til í að fórna loftgæðum og þar með lífsgæðum sínum fyrir 70-80 störf? Jafnvel þótt atvinnuleysi sé 20% núna kemur þetta auðvitað ekki til greina. Þó það væri 40%!

Sú fullyrðing að fjórir bræðsluofnar muni menga minna en sá eini sem var fyrir verður að teljast hlægileg í besta falli. Fjórar brennur menga alltaf meira en ein brenna. Þetta stenst enga skoðun. Mennt réðu ekki einu sinni við að reka einn ofn, eins og raun ber vitni. Hjá PCC á Bakka hafa menn verið í miklum vandræðum með að reka tvo ofna. Annað hvort eru rekstaraðilar þessara tveggja kísilvera algjörir viðvaningar eða þá að verksmiðjunnar eru gallaðar. Nema hvoru tveggja sé. Hvernig í ósköpunum á maður að trúa því að þessir aðilar geti rekið fjóra ofna skammlaust í ljósi þess sem á undan er gengið?

Og enn og aftur reyna menn að draga úr sýnileika verksmiðjunnar, sem sést alla leið úr Hvalfirði í góðu skyggni. Byggingarnar eru mun hærrí en þær áttu að vera og því ólöglegar. En menn ætla að bæta um betur og setja ofan á hana 52 metra háan stromp, svo hún muni nú örugglega blasa við um gjörvallt Faxaflóasvæðið!

Ég vil benda á ágæta og vel rökstudda umsögn umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar frá 11. júní síðastliðnum. Sú umsögn ætti að færa eigendum verksmiðjunnar enn frekar sanninn um að bæjarbúar vilja ekki þessa verksmiðju. Ráðið er ekki sammála niðurstöðum frummatsskýrslunnar varðandi loftgæði, samfélag, atvinnulíf og heilsu og telur mjög ólíklegt að efnahagsleg áhrif framkvæmdarinnar séu það mikil að þau vegi upp á móti neikvæðum áhrifum

hennar á þann veg að þau nái að gera heildaráhrif verksmiðjunnar á samfélagið jákvæð. Undir þetta tek ég heilshugar.

Þá er rétt að áréttta stefnu Reykjanesbæjar varðandi iðnaðaruppbyggingu í Helguvík. Í Aðalskipulagi bæjarins, samþykktu árið 2017 er ekki gert ráð fyrir frekari starfsemi í Helguvík sem losi flúor og brennisteinsdíoxíð. Rétt er að minna á áskorun meirihluta bæjarfulltrúa Reykjanesbæjar á fundi Bæjarstjórnar þann 22. janúar 2019 til framkvæmdaaðila og eigenda kísilverkefna í Helguvík þess efnis að þeir falli frá uppbyggingu og rekstri kísilmálmverksmiðja í Helguvík.

Það blasir því við að hvorki bæjaryfirvöld né bæjarbúar í Reykjanesbæ vilja þessa verksmiðju. Stjórnendur Arionbanka/Stakksbergs verða að meðtaka það. Núllkosturinn, að ræsa verksmiðjuna ekki að nýju, er sá kostur sem verður að hafa mest vægi í allri umfjöllun um málið, þótt hann „samræmist ekki markmiði framkvæmdaaðila“. Hann er í huga bæjarbúa raunhæfasti kosturinn, þótt framkvæmdaaðili haldi öðru fram. Heilsu og lífsgæði 20 þúsund íbúa verður að taka fram yfir peningalega hagsmuni eins fjármálafyrirtækis.

**Reykjanesbæ 24.júní 2020.**


**Helgi V.V. Biering**

**Sólvallagötu 47, Reykjanesbæ**

**201268 4199.**



Athugasemdir við frummatsskýrslu Stakksbergs Arion banka  
Hjördís Hafnfjörð kt. 2611504339 og Hjörtur Zakariásson kt. 0111494649  
Dags. 25. júní 2020  
**Athugasemdir við frummatsskýrslu Stakksbergs Arion banka**  
**20. júní 2020**



Þann 7. maí sl. tilkynnti Skipulagsstofnun að undangenginni tilkynningu Stakksberg til stofnunarinnar umfjöllun frummatsskýrslu um endurbætur á kísilvermiðju Stakksbergs í Helguvík. Tillagan væri til kynningar 8. maí og að athugasemdir skyldu berast eigi síðar en 26. júní nk. Þetta er algjörlega í takt við taktleysi Stakksbergs en samráð þeirra við íbúa hefur verið með þeim hætti að samráðstímabilin hafa jafnan verið stutt og tímasett þannig að flestir eru í sumarfríum eða í jólaundirbúningi á sama tíma. Það má svo sem segja að fresturinn sé ekki stuttur núna en margir eru engu að síður í sumarfríum núna. Frummatsskýrslan ásamt fylgiskjölum telur hátt í 400 blaðsíður og vonandi hafa allir ráðgjafar unnið þetta allt á tímakaupi.

#### **Framtíðaráform loftslagsmála í Helguvík og nágrenni.**

Í blaðagrein sem ég ritaði og birtist á vef Víkurfrétta 24. ágúst sl.<sup>1</sup> benti ég m.a. á að loftslagsmál væru í brennidepli þar sem kolefnisjöfnun og minnkun kolefnisfótspora væru brýn viðfangsefni. Stjórnvöld hefðu sett markmið um minnkun losunar CO<sub>2</sub> innan marka Parísarsamkomulagsins um 40% fyrir árið 2030. Á sama tíma væru uppi strompar fortíðar og áform um uppbyggingu kísilvera í Helguvík í rúmlega kílómeters fjarlægð frá rótgróinni íbúabyggð í Reykjanesbæ. Í greininni benti ég á að áform Stakksbergs gengi gegn vilja flestra íbúa og rúmlega meirihluta bæjarstjórnar Reykjanesbæjar og að losun CO<sub>2</sub> á Íslandi myndi aukast um allt að 10% ef starfsemi Stakksbergs hefjist á ný. Fari öll sú vanhugsaða starfsemi í gang í Helguvík sem fyrirhuguð er þá eykst áætluð losun á CO<sub>2</sub> á Íslandi um 33% miðað við losun 2017 og allt hér í rúmlega kílómeters fjarlægð frá rótgróinni íbúabyggð í Keflavík.

#### **Athugasemdir við tillögu að matsáætlun og endanlega matsáætlun Stakksbergs.**

Í athugasemdum mínum við tillögu að matsáætlun og endanlega matsáætlun Stakksbergs, dags. 8. ágúst 2019<sup>2</sup> gerði ég m.a. athugasemd við það að gögn Stakksbrautar 9 með rýrðan trúverðugleika væru nýtt. Í sömu athugasemdum benti ég á það að bæjarmynd Reykjanesbæjar hafi laskast verulega við byggingu kísilvera Stakksbergs og þegar skorsteinninn væri svo kominn upp þá væri varla hægt að tala hér um fallega bæjarmynd. Fjarskiptamastur eru oft 30 metra há en skorsteinninn hjá Stakksbergi verður hvorki meira né minna en 52. metra hár. Þá benti ég á að síldarbræðslurnar hafi reynt það sama og Stakksberg hyggst reyna nú en peningalykt síldarbræðslanna var áfram umliggjandi þær þrátt fyrir strompana og að sama skapi má ætla að gjaldprotalyktin verði áfram umliggjandi Stakksberg þrátt fyrir 52 metra háan strompinn. Ég benti á að ríkjandi vindáttir hér í bæ væru norðlægar áttir og að mengun, sér í lagi dreifing rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) yrði stefnt yfir rótgróna íbúðabyggð, skóla, leikskóla o.fl. Í tillögu Stakksbergs var búið við að minnkaðar líkur væru á því að lykt myndi finnast með tilkomu endurbótanna en þar sem ekki lögju fyrir greiningarmörk lyktar vegna TVOC efna væri ekki hægt að fullyrða að lykt hverfi með öllu.

#### **Athugasemdir við frummatsskýrslu Stakksbergs 2020.**

Í frummatsskýrslu Stakksbergs eru nú bara einhverjar spekulásjónir um VOC og síðan talað um að áhrif á heilsu séu *verfærðilega* metin óveruleg. Í stað þess að rannsaka þennan mikilvæga þátt sem íbúar kvörtuðu sáran undan 2016-2017 þá er einungis fyrirhugað hjá Stakksbergi og ráðgjöfum þeirra að gera frekari mælingar á styrk VOC efna eða mat á lykt eftir að rekstur hefst að nýju og þá á sóttvarnarlæknir að verða fenginn til að fylgjast áfram með greiningum einkenna sem geta tengst loftmengun á svæðinu. Þetta fyrirkomulag er alls ekki ásættanlegt og gera verður kröfu til yfirvalda að þau hleypi ekki framkvæmdum af stað fyrr en þetta liggur algjörlega 100% ljóst fyrir. Gera verður þessa kröfu einfaldlega vegna þess að þetta er algjör grundvallarforsenda fyrir því að þetta kísilver geti starfað eftir endurbætur í rétt rúmlega kílómeters fjarlægð frá byggð. Þann 19. júní sl. var sinubruni

<sup>1</sup> Sjá viðauka I.

<sup>2</sup> Sjá viðauka II.



Athugasemdir við frummatsskýrslu Stakksbergs Arion banka  
Hjördís Hafnfjörð kt. 2611504339 og Hjörtur Zakaríasson kt. 0111494649  
Dags. 25. júní 2020

hér suðvestan megin við heimili mitt í ámóta fjarlægð og kísilver Stakksberg er norðaustan megin við mig. Lyktin frá sinubrunanum barst hingað þegar tekið var að lygna um miðnætti og minnti ískyggilega á sömu stybbuna sem barst frá kísilveri Stakksbergs 2016-2017 sem þó var verri. Í tilfalli sinubrunans og í tilfellum lyktarmengunar frá kísilveri Stakksbergs þurfti að loka gluggum og var það og er algjörlega óásættanlegt í tilfalli þess síðarnefnda.

Í frummatsskýrslu Stakksbergs eru fjölmargir útreikningar. Í matsskýrslu Stakksbrautar 9 frá árinu 2013 voru einnig fjölmargir útreikningar sem stóðust svo ekki en yfirvöld gerðu þar engar athugasemdir við þá útreikninga eða hvaðan þeir stöfuðu. Tafla 1 í samantektarkafli frummatsskýrslu Stakksbergs vakti athygli mína og ég velti fyrir mér hvort það sé ekki nauðsynlegt að framkvæmdaraðili og eftir atvikum eigandi og ráðgjafi þeirra (svona í ljósi fyrri svika og gjaldþrotasögunnar) ábyrgist það með einhverskonar tryggingum ef síðar kemur í ljós að útreikningar þeirra sem þeir alhæfa um standast ekki? Hér væri einnig hægt að sníða starfsleyfið að framsettum hæsta reiknaða styrks eins og þarna kemur fram grænritað þannig að ef verksmiðjan stenst ekki þessi viðmið að þá kalli það á afturköllun starfsleyfis þeirra enda eru þá forsendur brostnar. Það þyrfti a.m.k. að gera ráð fyrir því að ábyrgð núverandi eiganda gildi þrátt fyrir sölu á Stakksbergi í framtíðinni.

Ég er afskaplega ósáttur við framsetningu mynda hjá Stakksbergi í öllu ferlinu og einnig í frummatsskýrslu þeirra, sbr. kafli 8.8. Afskaplega er það nú dapurt þegar ekki er hægt að sýna myndir í takt við raunveruleikann, þetta er mikið stærra í raun heldur en fram kemur á þessum myndum. Þá eru tölvumyndirnar væntanlega ekki að sýna raunverulega mynd af því hvernig allt á að vera eftir breytingar og geri ég athugasemdir við þetta.

Í samantekt yfir umhverfisáhrif í frummatsskýrslu Stakksbergs eru áhrif á samfélag það eina sem er jákvætt að þeirra mati. Annað telja þeir óverulegt en aðeins þrennt er talið nokkuð neikvætt. Þarna eru fjölmargir þættir sem ég hefði haldið að þyrftu að vera metnir frá öðru sjónarhorni en verkfræðilegu og geri ég athugasemdir við það.

Umfjöllun um núllkost, sbr. kafli 5.7.4 í frummatsskýrslu er verulega ábótavant, meðal annars með tilliti til samfélags og heilsu en þessi kostur samrýmist markmiði mínu og fjölda íbúa Reykjanesbæjar og er alveg raunhæfur kostur þó það samræmist ekki markmiðum Stakksbergs. Það hefði örugglega mátt stytta eitt og annað í þessari frummatsskýrslu en merkileg ófyrirleitni sem felst í því að gera eins lítið úr núllkostinum og Stakksberg gerir. Það mætti spyrja hvernig í ósköpunum það samræmist markmiði eiganda Stakksbergs (Arion banka) að koma beint að uppbyggingu á kísilveri í Helguvík.

Ég tek annars að öðru leyti undir athugasemdir sem Reykjanesbær hefur skilað vegna frummatsskýrslu Stakksbergs sem og annarra aðila sem styðja ekki áform Stakksbergs.

Reykjanesbær, 25. júní 2020  
Hjördís Hafnfjörð kt. 2611504339 og Hjörtur Zakaríasson kt. 0111494649



Athugasemdir við frummatsskýrslu Stakksbergs Arion banka  
Hjördís Hafnfjörð kt. 2611504339 og Hjörtur Zakaríasson kt. 0111494649  
Dags. 25. júní 2020  
Viðauki I

## **Framtíðaráform loftslagsmála í Helguvík og nágrenni 24. ágúst 2019**

Loftslagsmál eru í brennidepli þar sem kolefnisjöfnun og minnkun kolefnisfótspora eru brýn viðfangsefni. Síðustu þrjú árin hef ég alla jafna ferðast til og frá vinnu með almenningssamgöngum til að minnka mitt kolefnisfótspor. Stjórnvöld hafa sett markmið um minnkun losunar CO<sub>2</sub> (koldíoxíð) innan marka Parísarsamkomulagsins um 40% fyrir árið 2030. Á sama tíma eru uppi strompar fortíðar og áform um uppbyggingu tveggja kísilvera í Helguvík sem verða þau stærstu í heiminum í rúmlega kílómeters fjarlægð frá rótgróinni íbúabyggð í Reykjanesbæ.

### **United Silicon sem aldrei kunní að ganga**

Flestum er kunnug saga United Silicon sem fékk að menga nærri óáreitt frá nóvember 2016 þar til reksturinn var stöðvaður í september 2017. Dönsk verkfræðistofa neitaði að hafa unnið mengunarspá en yfirvöld samþykktu útreikningana. Aðalverktakinn hætti framkvæmdum vegna skulda. Þetta var eina stóriðjan á Íslandi sem var án sérkjarasamninga. Byggingar voru ekki innan gildandi deiliskipulags. Met voru slegin í fjölda kvartana frá íbúum og eftirlit Umhverfisstofnunar var fordæmalaust. Skýrsla Ríkisendurskoðunar til Alþingis staðfestir að fleiri en einn pottur var brotinn í stjórnsýslunni. Við gjaldþrot 2018 töpuðu stórir sem smáir lífeyrissjóðir milljörðum, aðalverktakinn rúmum milljarði, fyrrverandi starfsmenn, Reykjanesbær o.fl. umtalsverðum upphæðum.

### **Stakksberg úr öskunni í eldinn**

Eigandi verksmiðjunnar, Stakksberg, veður nú úr öskunni í eldinn gagnvart íbúum Reykjanesbæjar og hyggst lappa upp á hana fyrir á fimmta milljarð króna. Áform Stakksberg ganga gegn vilja flestra íbúa og rúmlega meirihluta bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Saga Stakksbergs er stutt en fulltrúi eiganda Stakksbergs var einnig í stjórn United Silicon frá vori 2017 fram að þroti þess. Stakksberg hefur nú heitið því að leita samráðs og samvinnu við íbúa. Samráðið er þó ekki laust við klæki því samráðstímabilin eru jafnan stutt og tímasett þannig að flestir eru í sumarfríum eða í jólaundirbúningi á sama tíma. Þá var íbúafundur boðaður með eins til tveggja daga fyrirvara. Í sérstakri samráðsgátt ([samrad.stakksberg.com](http://samrad.stakksberg.com)) tókst Stakksbergi ekki að leita samráðs við íbúa um þau atriði sem áhyggjur íbúa beinast helst að en þeir hafa jú lofað að vanda sig.

### **Þriðjungur allrar CO<sub>2</sub> mengunar á Íslandi gæti komið frá Helguvík**

Kísilver brenna kolum í stórum stíl og markmið kísilveranna er að brenna 315.000 tonnum af kolum árlega. Við brennslu á kolum myndast mörg efnasambönd, meðal annars CO<sub>2</sub>, SO<sub>2</sub> (brennisteinstvíoxíð), NO<sub>x</sub> (köfnunarefnisoxíð) o.fl. Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis í apríl 2017 var það rætt hvort ekki væri ástæða til að banna slíkan mengandi iðnað svo nálægt íbúabyggð. Með almennri skynsemi mætti komast að þeirri niðurstöðu að starfsemi sem þessi eigi ekki að vera staðsett í kílómeters fjarlægð frá byggð. RÚV greindi frá því að losun CO<sub>2</sub> á Íslandi myndi aukast um rúm 10% ef starfsemi Stakksbergs hefjist á ný. Í óhugnarlegu svari Umhverfisstofnunar við fyrirspurn minni myndi áætluð losun CO<sub>2</sub> aukast um allt að 25% fari bæði kísilver í gang og bætist álverið við þá eykst áætluð losun um allt að 33% á öllu Íslandi miðað við losun 2017. Það yrði fróðlegt að vita hvað Stakksberg og Thorsil þyrftu að gróðursetja mörg tré vegna bindingar þeirrar kolefnislosunar sem hlýst af starfsemi þeirra en fyrirtæki í landinu hafa einmitt verið hvött til þess, meðal annars af eiganda Stakksbergs.

### **Augljós krafa um íbúakosningu**

Um síðustu áramót söfnuðu Andstæðingar stóriðju í Helguvík 2.700 undirskriftum íbúa Reykjanesbæjar sem er um fjórðungur kosningabærra aðila þar sem krafist var þess að bæjaryfirvöld Reykjanesbæjar myndu láta fara fram íbúakosningu um það hvort kísilverksmiðja Stakksbergs fái að

Athugasemdir við frummatsskýrslu Stakksbergs Arion banka  
Hjördís Hafnfjörð kt. 2611504339 og Hjörtur Zakaríasson kt. 0111494649

Dags. 25. júní 2020

hefja starfsemi á ný og um það hvort kísilverksmiðja Thorsil verði reist í bæjarfélaginu. Umrædd undirskriftasöfnun var metin ólögmet af lögmanni Reykjanesbæjar og engin kosning fór fram. Undirskriftasöfnunin sannar þó að íbúar vilja fá að kjósa um það hvort þessar verksmiðjur eigi rétt á sér í bakgarði íbúa.

### **Stefnir Reykjanesbær á lista yfir menguðustu sveitarfélög í Evrópu eða ekki?**

Framtíðaráform loftslagsmála í Helgúvík og nágrenni eru vægast sagt áhyggjuefni. Mengun frá stóriðjunni í Helgúvík yrði á bilinu 25%–33% allrar losunar CO<sub>2</sub> á Íslandi ásamt losun fjölmargra annarra óæskilegra efna og efnasambanda sem frá þessum verksmiðjum koma. Mér hugnast vægast sagt ekki áform Stakksbergs og finnst samstarf þeirra hingað til við íbúa með eindæmum lélegt. Frá sjónarhorni íbúa væri æskilegast fyrir Stakksberg að skoða núllkostinn. Stakksberg og Thorsil mættu alvarlega íhuga áskorun meirihluta bæjarstjórnar Reykjanesbæjar og fulltrúa Miðflokksins um að falla frá áformum sínum um rekstur kísilverksmiðja í Helgúvík enda endurspeglar sú áskorun vilja meirihluta íbúa Reykjanesbæjar. Almennt þarf svo að taka afstöðu til þess hvort við viljum að Reykjanesbær verði frægastur sveitarfélag á norðurhveli jarðar fyrir að menga mest eða hvort stefnt verði að grænni framtíð þar sem umhverfissjónarmið eru í forgrunni. Iðnaðaruppbyggingin í Helgúvík er augljóslega eitt allra stærsta hagsmunamál íbúa Reykjanesbæjar og kosning um framtíð stóriðjunnar í Helgúvík er bráðnauðsynleg. Ég kys góð loftgæði til handa íbúum Reykjanesbæjar og komandi kynslóðum sem endurspeglast í betri lífsgæðum framyfir ófullkomnar kolabrennandi kísilverksmiðjur í kílómetra fjarlægð frá byggð. Það er ekki of seint að hætta við núna og ég vona innilega að þessi kísilverksverkefni hverfi héðan úr Helgúvík. Svæðið fær í framhaldi nýjan tilgang og aðra starfsemi sem þrífst í sátt og samlyndi við íbúa í nágrenninu sem verður sannarlega farsælla til framtíðar litið fyrir alla.

Hjördís Hafnfjörð kt. 2611504339 og Hjörtur Zakaríasson kt. 0111494649  
íbúar í Reykjanesbæ



Athugasemdir við frummatsskýrslu Stakksbergs Arion banka  
Hjördís Hafnfjörð kt. 2611504339 og Hjörtur Zakaríasson kt. 0111494649  
Dags. 25. júní 2020  
Viðauki II

## Athugasemdir við tillögu að matsáætlun og endanlega matsáætlun Stakksbergs 8. september 2019

Stakksberg tók þá ákvörðun að framkvæma nýtt umhverfismat á starfsemi kísilverksmiðju í Helguvík sem mikill meirihluti íbúa Reykjanesbæjar eru á móti. Stakksberg virðist það engu máli skipta og heldur áfram sínu óskiljanlega striki. Komi til íbúakosninga er ég þess fullviss að niðurstöður þeirra leiði í ljós að betur hefði verið heima setið en af stað farið hjá Stakksbergi í endurbætur á kísilveri sem er eins illa staðsett og hugsast getur gagnvart íbúabyggð Reykjanesbæjar. Loftslagsmál, kolefnisjöfnun og minnkun kolefnisfótspora virðist ekki skipta Stakksberg neinu máli né heilsa og lífsgæði íbúa Reykjanesbæjar.

Í tillögu að matsáætlun og endanlegri matsáætlun Stakksbergs er vísað í matsáætlun Stakksbrautar 9 en við lestur þeirrar áætlunar og þeirra gagna sem Stakksberg og Verkís hafa nú lagt fram er ekki laust við að samhengi hlutanna liggja í lausu lofti. Það hjálpar ekki við mat á trúverðugleika og trausti til matsferlisins í heild þegar Stakksberg nýtir sér að hluta gögn með rýrðan trúverðugleika. Hver er trúverðugleiki gagna Stakksbergs sem byggir á slíkum gögnum? Sé það vilji Stakksberg að nýta sér gögn Stakksbrautar 9 þurfa þeir að fara í algjöran samanburð á þeim gögnum og útskýra með nákvæmum hætti öll frávik.

Hér er talað um að reisa eigi 52 metra háan skorstein við hlið síuhúss. Bæjarmyndin laskaðist verulega við byggingu kísilvers Stakksbergs og þegar skorsteinninn verður kominn verður varla hægt að tala um fallega bæjarmynd. Fjarskiptamastur eru oft 30 metra há og hér í heiðinni er eitt slíkt. Skorsteinninn hjá Stakksbergi yrði 22 metrum hærra en það mastur. Stakksberg virðist ekki gera sér grein fyrir því að ríkjandi vindáttir eru norðanáttir og í slíkum vindáttum þá liggur mengunin frá verksmiðju þeirra yfir byggð Reykjanesbæjar. Íbúar Reykjanesbæjar kæra sig flestir ekki um þessa mengun. Síldarbræðslurnar víða um land reyndu á sínum tíma að draga úr lyktarmengun með því að reisa háa strompa fyrir útblástur en allt kom fyrir ekki og peningalyktin var umliggjandi verksmiðjurnar. Bíði sömu örlög Stakksbergi munu þeir að öllum líkindum viðhalda gjaldþrotalyktinni sem barst frá United Silicon 2016-2017 þrátt fyrir 52 metra háan skorsteininn og tæpa 5 milljarða af ferskum peningum.

Ég dreg umfjöllun hér í algjöran efa þar sem Stakksberg mun nýta sér gögn Stakksbrautar 9 án þess að fara í algjöran samanburð á þeim gögnum og útskýra öll frávik. Það er alveg ljóst að hæsti reiknaði styrkur um núverandi rjáfur er í engu samræmi við það sem kom fram í gögnum Stakksbrautar og var undanfari útgáfu starfsleyfis sem Stakksberg hefur fengið framselt til sín. Eins er framsetning mengunarefna mjög villandi hér þegar Stakksberg miðar bara við framleiðslu á einu tonni og miðar bara við einn ofn. Það hlýtur að vera hægt að setja þetta fram meira í takt við raunveruleikann. Eins dreg ég útreikning Vatnaskila í efa þar sem loftdreifingarlíkan sem þeir vinna fyrir Stakksberg byggir ekki á neinni reynslu starfandi stóriðja heldur eingöngu fyrirhugðu álveri Norðuráls í Helguvík og fyrirhugðu kísilveri Thorsil sem engin starfsreynsla er af. Stakksberg líkt og forveri þess ætlar því í enn eina tilraunstarfsemina hvað þetta varðar. Ég get a.m.k. staðfest það að þegar það voru norðanáttir þá fann ég verulega fyrir menguninni frá kísilveri Stakksbergs 2016-2017.

Hér er settur stór fyrirvari á dreifingu VOC (lyktarvaldandi efnum), þ.e. eingöngu er „búist við að minnkaðar líkur séu á því að lykt finnist með tilkomu endurbótanna en þar sem ekki liggja fyrir greiningarmörk lyktar vegna TVOC efna er ekki hægt að fullyrða að lykt hverfi með öllu“. ER ÞAÐ NÓGU GOTT? Borgar sig að setja tæpa 5 milljarða króna í endurbætur á kísilveri sem virkaði ekki sem mun síðan valda íbúum Reykjanesbæjar sömu vanlíðan vegna lyktarmengunar og annarrar mengunar áfram? Það sama á við hér eins og athugasemdin hér að ofan um að það hlýtur að vera hægt að setja

Athugasemdir við frummatsskýrslu Stakksbergs Arion banka  
Hjördís Hafnfjörð kt. 2611504339 og Hjörtur Zakaríasson kt. 0111494649

Dags. 25. júní 2020

Þetta fram meira í takt við raunveruleikann og rétt væri að sýna þetta í stærra samhengi en í hlutfallsmörkum klukkustundargilda.

Það er ekki of seint að hætta við núna og ég hvet ykkur eindregið til þess. Reykjanesbær á ekki að verða frægastur sveitarfélagi á norðurhveli jarðar fyrir að menga mest og stefna ætti að grænni framtíð þar sem umhverfissjónarmið eru í forgrunni. Ég kýs góð lífsgæði til handa íbúum Reykjanesbæjar og komandi kynslóðum sem endurspeglast í betri lífsgæðum fram yfir ófullkomnar kolabrennandi kísilverksmiðjur í kílómetra fjarlægð frá byggð.



## Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir

**From:** Hrafnhildur Brynjólfs <hrafnhildur07@gmail.com>  
**Sent:** fimmtudagur, 25. júní 2020 21:39  
**To:** Skipulagsstofnun  
**Subject:** Athugasemd við frummatsskýrslu Stakksbergs Arion banka.

Ég mótmæli því að iðnaðaruppbygging á borð við kísilver Stakksbergs fari aftur í gang í Helguvík. Verksmiðjan er líkleg til að hafa í för með sér neikvæð sjónræn áhrif, neikvæð áhrif á loftgæði og henni geta fylgt óþægindi og ónæði fyrir íbúa Reykjanesbæjar, auk þess að hafa mögulega neikvæð áhrif á heilsu þeirra.

Í ljósi forsögunnar er ég ekki sannfærð um að áætlaðar mótvægisáðgerðir, sem eiga að auka rekstraröryggi verksmiðjunnar og minnka óþægindi íbúa vegna hennar, reynist fullnægjandi.

Efnahagsleg áhrif framkvæmdarinnar geta ekki vegið upp á móti neikvæðum áhrifum hennar á þann veg að þau nái að gera heildaráhrif verksmiðjunnar á samfélagið jákvæð. Framkvæmdin sem heild fellur ekki að gildandi deiliskipulagi. Áhrif á loftgæði er líkleg til að vera neikvæð og í ljósi reynslunnar af rekstri verksmiðjunnar og vandamála með loftgæði er mjög mikilvægt að fá nánari lýsingu á hvernig standa eigi að lofthreinsun, hvaða tækni eigi að beita og hvernig það samræmist BAT skilyrðum (bestu aðgengilegu tækni) sem varða loftgæði.


Verksmiðjan er ekki undirbúin í sátt við Bæjarstjórn Reykjanesbæjar sem þann 22. janúar 2019 sendi áskorun til framkvæmdaaðila og eigenda kísilverkefna í Helguvík þess efnis að þeir falli frá uppbyggingu og rekstri kísilmálmverksmiðja í Helguvík og hvatningu til þeirra um að taka frekar þátt í annarri atvinnuuppbyggingu í sátt við fólkið í sveitarfélaginu og umhverfið. Óumdeilt er að íbúar urðu fyrir talsverðum óþægindum og veikindum vegna mengunar sem barst frá verksmiðjunni á rekstartíma. Það var gæfa að enginn hlaut sannarlega varanlegan skaða af enda rekstartími stuttur. Ekki hefur tekist að greina hvaða efni það voru sem öllu þessum óþægindum o.þ.l. voru þessi efni aldrei mæld.

Áhrif á heilsu íbúa eru metin óveruleg í frummatsskýrslunni. Ég tek undir ábendingu landlæknis um að vinna þurfi lýðheilsumat (Health Impact Assessment) í tengslum við fyrirhugaðar endurbætur á kísilverksmiðjunni og fá álit sérfræðinga þar um. Ég tel einnig alveg ótækt að fara í framkvæmdir meðan ekki er ljóst hvað það var sem ölli íbúum heilsubresti hjá fyrri rekstraraðilum.

Verksmiðjan vinnur gegn markmiðum Íslands um losun og Parísarsamkomulagið. Meginuppistaðan í útblæstri hennar er CO2 en ekki er fjallað um það í loftdreifilíkani en þar sem um töluvert magn er að ræða sem myndast við bruna á 520.000 tonnum árlega af kolum og viðarflisum. Þá er ótækt að auka hér bruna á kolum og það vinnur gegn öllum loftslagsmarkmiðum.

Vísað er til þess í frummatsskýrslu að áætluð mengun verði undir heilsufarsviðmiðum en ekki eru tilgreind mörk óþæginda íbúa vegna lyktar eða annarra áhrifa sem eru ekki síður mikilvæg.

Hrafnhildur Brynjólfsson  
Kt 050670-3849



# ATHUGASEMDIR

Vegna endurbætur á kísilverksmiðju Stakksbergs í Helguvík er auglýstar voru á Skipulagsstofnun.is þann 7. maí sl.

Lönguvitleysan og skrípaleikurinn heldur áfram gagnvart þessari verksmiðju og það er með ólíkindum að þeir fá að halda starfsleyfinu eftir allt þetta klúður sem er búið að eiga sér stað hjá þessari verksmiðju.

Öll fyrirheit og fegurðarmyndir sem hafa verið settar fram sl. ár og hefur allt verið sviðið og það virðist vera nóg með einu pennastriki að fá útlit bygginga breytt án þess að íbúar fái nokkuð að segja um það mál.

Nú á að redda málunum með því að setja 52 metra háan strompa á þessa byggingar sem er þegar mikið lýti í umhverfi Helguvíkur og nágrennis.

Ég geri nú ekki ráð fyrir því að þetta hafi verið útkoman sem íbúar fengu að vita á sínum tíma varðandi þessar byggingar að þær kæmu til með að líta svona út ?



Það er engin trygging fyrir því að þetta eigi að vera betra og ég er ekki tilbúin að fórna heilsu minni, fjölskyldu minnar og hrossunum mínum til að vera tilraunardýr fyrir stóriðju í bakgarðinum hjá mér. Held að sú tilraunarstarfsemi hafi toppað sig með öllum mistökum, lygum, slysum og lífskerðingu sem dundu yfir okkur íbúa sl. ár.

Þeim leyfist að ljúga í kynningarbréfi varðandi þessa skýrslu um að: „*Endurbæturnar eru í samræmi við gildandi deiliskipulag í Helguvík. Síðustu breytingar á því voru samþykktar í íbúakosningu árið 2015, þar sem meðal annars var veitt heimild fyrir 52 m háum reyk háfum á lóð Stakksbergs.*“

<https://stakksberg.com/2020/05/07/mat-a-umhverfisahrifum-endurbota-a-kisilverksmidju-i-helguvik/?fbclid=IwAR0e5haXp7LAJXWFrFJisP5-6NtWPX96tP1aIXLoTmUR30-42QyQJp-oQZM>

Ég spyr, hvaða íbúakosning er þetta sem vitnað er í ?



Staðsetningar á þessum tveimur verksmiðjum sem ætlaðar eru hér í Helguvík sem er rétt um kílómetur í fjarlægð frá íbúabyggð og hesthúsabyggð er allt of nálægt. Mengunin frá henni berst með ríkjandi vindáttum (norðanátt, norðaustanátt og norðnorð austanátt) er algjörlega óviðunandi og gengur ekki upp. Ef ég fann lyktina sem var ríkjandi reglulega hjá United Silicon og andaði því að mér, þá mun ég líka anda að mér lyktalausri mengun sem fyrirhuguð er.

Það er talað um að Ísland eigi að taka þátt í Parísarsamningum varðandi loftlagsbreytinga í heiminum, ég tel klárlega að svona starfssemi sé einn af sökudólgum hvernig er að fara fyrir jörðinni okkar.

Þann 16. nóvember 2016 skrifaði Reykjanesbær undir samning Heilsueflingu til að stuðla að betri heilsu fyrir íbúa Reykjanesbæjar og þar má sjá eftirfarandi:

**" Heilsuefling, eins og orðið ber með sér, gengur út á það að efla almenna heilsu íbúa með því að fyrirbyggja sjúkdóma, stuðla að forvörnum og veita stuðning til lífstílsbreytinga. Heilsuefling tekur meðal annars til félagslegra, andlegra og umhverfislegra áhrifaþátta heilbrigðis og fólki gert kleyft að hafa aukin áhrif á heilsu sína til góðs"**

**Það má líka benda á að Arion banki stærir sig af samningi bindingu þeirra kolefnislosunar sem hlýst af stafsemi bankans !!** Þetta kísilver í eigu Arion banka mun brenna 120.000 tonnum af kolum árlega í fullum afköstum.

Framkoma þessa fyrirtækis gagnvart Reykjanesbæ, ýmsum fyrirtækjum, fyrrverandi starfsmönnum United Silicon er sorgleg, vitandi að því að þeir hlunnfærðu þessa aðila um tugi milljóna. Þetta eru viðskiptahættir og framkoma hjá þessum aðilum og þeir reyna telja íbúum Reykjanesbæjar trú um að treysta þeim ?

Það eru stórar yfirlýsingar hjá þessum aðilum, að þeir ætla að gera betur en fyrri eigendur og ætla sér ekki að vinna þetta umhverfismat með „rassgatinu“ eins og formaður Stakkbergs kom að orði á kynningarfundum 21.nóvember 2018 en það umhverfismat var samþykkt af Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun.

Reiði og sorg landans gagnvart Lífeyrissjóðum sem gerðust það djarfir að fjárfesta í þessum ófögnuði á sínum tíma með peningunum okkar í starfsemi hjá manni sem var ekki öflugur pappír.

Gerið okkur íbúum Reykjanesbæjar greiða með því að fjarlægja þessa verksmiðju úr bænum okkar, það verður aldrei sátt við íbúa með þennan rekstur.

Ég segi í burtu með þessa verksmiðju !!

Hrönn Auður Gestsdóttir

Kt: 071166-5119

Íbúi í Reykjanesbæ

## Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir

---

**From:** Johannes Jensson <johannes.jensson@gmail.com>  
**Sent:** föstudagur, 26. júní 2020 15:36  
**To:** Skipulagsstofnun  
**Subject:** Athugasemdir vegna kísilvers Stakksbergs í Helguvík

Ég mótmæli því að iðnaður á borð við kísilver Stakksbergs sé starfræktur í næsta nágrenni við heimili mitt. Ég tek undir þær athugasemdir sem umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar hefur sent frá sér varðandi verksmiðjuna ásamt athugasemdum Andra Freys Stefánssonar, dags. 20.06.2020.

Persónulega varð ég fyrir verulegri mengun vegna verksmiðjunnar meðan hún var starfrækt og sé ekki að ástandið verði betra þó risaskorsteinn verði reistur við verksmiðjuna. Það mannvirki mun aðeins auka á sjónmengunina og dreifa mengandi efnum víðar um Suðurnesin.

Ég hef búið í Keflavík/Reykjanesbæ í rúmlega 40 ár og greitt mína skatta og skyldur til sveitarfélagsins. Nú horfi ég til þess að skipta um húsnæði og mun væntanlega flytja á höfuðborgarsvæðið ef verksmiðjan verður endurræst.

Loks finnst mér rétt að geta þess að mikið hefur verið fjallað um fjölda starfa sem fyrirtæki myndi skapa á svæðinu (hálaunastörf meira að segja). Þetta reyndust síðan færri störf en um var talað og mér sýnist að þau hafi að stórum hluta verið útlendu vinnuafli og reynst lágláunastörf þegar upp var staðið. Verksmiðjan reyndist því ekki sú gullkista sem fólki hafði verið talin trú um, heldur bæði efna- og sjónmengunarskrímsli sem nú er að verða helsta kennileiti Suðurnesja langt að séð. Burtu með þessi mannvirki!

Kveðja,  
Jóhannes Jensson, kt. 041054-3959  
Heiðarbraut 7b, 230 Reykjanesbær


Sent frá Póstur fyrir Windows 10





## Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir

**From:** Jón F Sigurðsson <jonfsig17@gmail.com>  
**Sent:** miðvikudagur, 24. júní 2020 12:44  
**To:** Skipulagsstofnun  
**Subject:** Fwd: Athugasemdir



Góðan daginn,

Setti ekki inn heimilisfang með síðasta bréfi. Það er Hafnargata 16, 230 Reykjanesbæ.

Begin forwarded message:

**From:** Jón F Sigurðsson <jonfsig17@gmail.com>  
**Subject:** Athugasemdir  
**Date:** 12 June 2020 at 11:55:34 GMT  
**To:** skipulag@skipulag.is

Góðan daginn,

Jón F Sigurðsson heiti ég kt. 170252-2929.

Geri ég hér með alvarlegar athugasemdir vegna kísilversins í Helguvík.

Með mengandi verksmiðju sem er í túnfæti Reykjanesbæjar og í næsta nágrenni við leikskóla og grunnskóla er óásættanlegt.

Skerðing loftgæða íbúa Reykjanesbæjar út af kísilryki er óásættanlegt.

Að vera með kísilver nálægt eldsneytistönkum fullum af flugvélaeldsneyti er mikið áhyggjuefni.

Að hleypa afsogslofti óhreynsuðu út í andrúmsloftið í Helguvík er óásættanlegt.

Íbúar Reykjanesbæjar vilja ráða loftgæðum í bæjarfélaginu til frambúðar án þess að anda að sér afsogslofti og kísilryki.

Þið segið í þessari matsskýrslu að loftgæði muni minnka og að starfssemin muni einnig hafa nokkuð neikvæð áhrif á grunnvatn og ásýnd bæjarfélagsins sem er óásættanlegt fyrir okkur íbúa hér í Reykjanesbæ og okkar nærsamfélag.

Ég geri alvarlega athugasemdir við að Stakksberg reisi 52 metra háan skorstein sem er veruleg sjónmengun af og rykmengun.

Þessi frummatsskýrsla sem Stakksberg setur hér fram er ekkert frábrugðin fyrri frummatsskýrsum sem áður hafa verið gefnar út um þessa verksmiðju með loforðum sem enganvegin geta átt sér stöðir í veruleikanum.

Ég geri alvarlegar athugasemdir við að affallsvatninu frá verksmiðjunni verði dælt út í sjó sem engar rannsóknir hafa verið gerðar til að greina hvaða áhrif það hefði á lífríki sjáva við strendur Helguvíkur eða Faxaflóa í heild sinni.

Ég tel að eini kosturinn fyrir Stakksberg er að fara burt með kísilverksmiðjuna .

## Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir

---

**From:** karvel granz <karvelgranz@gmail.com>  
**Sent:** miðvikudagur, 24. júní 2020 08:23  
**To:** Skipulagsstofnun  
**Subject:** Athugasemdir vegna endurræsingu Kísilvers í Helgúvík

Ég undirritaður mótmæli harðlega að Kísilver í Helgúvík verði endurræst hvort sem er í núverandi mynd eða lítillega breytt og byggja mótmæli mín út frá fyrri reynslu er ég tiltek hér.

1. Lyktarmengun og öndunar örðuleikar er ég og fjölskyldan mín þurftum að glíma við er verksmiðjan starfaði. Ég á við skerta lungnastarfsemi að stríða og get ekki tekið þátt í að vera notaður sem tilraunadýr upp á von og óvon um að betur takist til næst.
2. Sjónmengun, en verksmiðjan er augljóslega of nálægt byggð og ekki í takt við deiliskipulag. Tel að gera þurfi nýtt deiliskipulag þar sem svona starfsemi á ekki að liggja svo nærri byggð eða annari starfssemi á þessu svæði en eftirspurn eftir lóðum í nánasta nágrenni Kísilversins er engin nú. Hugmynd Stakksberg um 52 metra háan reyklosunar skorstein er aðeins til að auka sjónmengun og dreifa reyknum víðar.
3. Verðgildi á minni fasteign mun augljóslega falla ef Kísilverið verður endurræst með einum ofn, hvað þá með 4 ofnum.

Mótmæli mín byggja á fyrri reynslu og ótta um að heilsu fjölskyldu minnar muni hraka aftur ef Kísilverið er gangsett á ný en ég bý í þeim hluta Keflavíkurhverfis er næst liggur Kísilverinu. Trúi ekki að umhverfisstofnun samþykki óbreytt umhverfismat þar sem allir vita að það sem var notað byggði á blekkingum.

Það er með ólíkindum að Stakksberg skuli halda þessu máli til streitu árið 2020, þegar öllum ætti að vera ljóst hversu neikvæð áhrif af slíkum rekstri yrði samfélaginu hér.

Kveðja  
Karvel Granz  
Kt. 050354-3859





## Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir

---

**From:** Kristinn Þór Jakobsson <kristinnjakobsson@gmail.com>  
**Sent:** föstudagur, 26. júní 2020 08:30  
**To:** Skipulagsstofnun  
**Subject:** Athugasemdir við frummatsskýrslu Stakksbergs Arion banka


Ég mótmæli harðlega áformum Stakksbergs áður United Silicon að endurræsa kísilverksmiðju í Helguvík.

forsendur lofreiknilíkans sem kynnt er í frummatsskýrslu Stakksberg /Arion banka eru á skjön við reynslu og upplifun íbúa Keflavíkur/ Reykjanesbæjar. Hækkun reykháfs upp í 52 metra dugar ekki til að hindra að útblástur úr verksmiðjunni leggist yfir norðurhluta Keflavíkur. Ríkjandi vindátt í Keflavík er norðan og norðnorðaustanátt hæg gola eða andvari sem leggst inn yfir bæinn köld af Faxaflóa. Þessi hægi andvari verður til þess að loftblöndun við mengunina úr verksmiðjunni verður lítil sem engin. Því fellur mengunin lítt blönduð niður og læðist inn yfir bæjarhlutann sem næstur er verksmiðjunni mönnum og málleysingum til mikils ama. Veðurfræðingar vöruðu við þessu ástandi. Loftreiknilíkanið tekur ekki á þessu veðuráhrifum. Mér er til efs að hækkun reykháfsins dugi til við draga úr þessarri mengun.

Ég mótmæli því að iðnaðaruppbygging á borð við kísilver Stakksbergs verði ræst aftur í svo mikilli nálægð við íbúabyggð í Keflavík. Ég tek einnig undir athugasemdir sem umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar hefur skilað og þeirra aðila sem styðja ekki áform Stakksbergs

Með bestu kveðjum

Kristinn Þór Jakobsson  
kt. 270457 3559



## Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir


---

**From:** Kristin Kristinsdottir <stinakennari@gmail.com>  
**Sent:** þriðjudagur, 23. júní 2020 19:15  
**To:** Skipulagsstofnun  
**Subject:** athugasemdir v/matskýrslu

Ég geri alvarlegar athugasemdir vegna þeirra þátta sem koma fram í matskýrslu Stakksbergs vegna kísilveransins í Helguvík

1. Að Stakksberg reisi 52. metra háan skorstein sem veruleg sjónmengun er af, það er til að hafa áhyggjur af vegna enn frekari dreifingu mengunar.
2. Að skerðing loftgæða hjá íbúum Reykjanesbæjar út af kísilríki og lyktarmengun, það er til að hafa áhyggjur af.
3. Að hleypa afsogslofti óhreinsuðu út í andrúmsloftið í Helguvík, það er til að hafa áhyggjur af.
4. Að vera með kísilver nálægt eldsneytistönkum fullum af flugvélaeldsneyti, það er til að hafa áhyggjur af.
5. Að affallsvatninu frá verksmiðjunni verði dælt út í sjó þar sem engar rannsóknir hafa verið gerðar til að greina hvaða áhrif það hefði á lífríki sjávar við strendur Helguvíkur eða lífríki við Faxaflóann, það er til að hafa áhyggjur af.
6. Að mengandi kísilverksmiða sem er í túnfæti Reykjanesbæjar og í næsta nágrenni við leikskóla og grunnskóla, það er til að hafa áhyggjur af.
7. Við brennslu kola myndast þrjú skaðleg mengunarefni sem hafa áhrif á heilsu fólks. Þetta eru Brennisteinsdíoxíð (SO<sub>2</sub>), Köfnunarefnisoxíð (NO<sub>x</sub>) og svífrík eða öragnir í andrúmsloftinu (PM), það er til að hafa áhyggjur af.

Þessi frummats skýrsla sem Stakksberg setur hér fram er ekkert frábrugðin fyrri frummats skýrslum sem áður hafa verið gefnar út um þessa verksmiðju með loforðum sem engan veginn geta átt sér stoðir í veruleikanum. Sú deiliskipulagsbreyting sem tillögur frummatsskýrslunnar byggja á eru mjög vafasamar ef ekki ólöglegar, þar sem ekki var tilgreint í auglýsingu, né í greinargerð deiliskipulagsbreytingarinnar, um þær umfangsmiklu breytingar er áttu sér stað á þeim lóðum, sem kísilver United Silicon (Stakksbraut 9) höfðu til umráða. Það blasir því við að hvorki bæjaryfirvöld né bæjarbúar í Reykjanesbæ vilja þessa verksmiðju. Stjórnendur Arionbanka/Stakksbergs verða að meðtaka það. Heilsu og lífsgæði 20 þúsund íbúa verður að taka fram yfir hagsmundi eins fjármálafyrirtækis.







Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík



Sent í tölvupósti á: skipulag@skipulag.is

Egilsstöðum, 22. júní 2020

### Umsögn Landverndar um frummatsskýrslu Stakksbergs í eigu Arionbanka vegna stækkunar Kísilvers í Helguvík (áður United Silicon)

Stjórn Landverndar hefur skoðað frummatsskýrslu Verkís fyrir hönd Arionbanka/Stakksbergs vegna stækkunar kísilveris í Helguvík. Landvernd telur að ekki sé hægt að samþykkja stækkun kísilverksmiðjunnar eins og lagt er til í frummatsskýrslu af þremur meginástæðum:

- Stakksberg hefur ekki fundið neinar skýringar á veikindum íbúa í nágrenni kísilverisins sem þá var í eigu United Silicon. Á meðan rökstuddur grunur leikur á að útblástur frá kísilverinu hafi verið ástæða veikinda íbúa en ekki hefur fundist hvað í útblæstrinum kann að vera þess valdandi er rík ástæða til að óttast að heilsufari íbúanna verði stefnt í hættu með því að gangsetja verksmiðjuna aftur.
- Gríðarleg aukning í losun gróðurhúsalofttegunda fylgir stækkuninni. Ef af fullri stækkun verður mun losun frá Íslandi aukast um 10% sem er andstætt nauðsynlegum aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- Miklar rekstrartruflanir sem voru á starfsemi kísilveris United Silicon þegar það var í gangi<sup>1</sup>. Ef marka má fréttir hafa einnig orðið bilanir í kísilveri PCC á Bakka. Þar er því rík ástæða til að ætla að það sama gerist í áformuðu endurbættu kísilveri Stakksbergs.

Um þessi atriði verður fjallað nánar síðar í umsögninni sem og nokkur önnur atriði sem Landvernd telur samanlagt að verði til þess að samfélagslegir og umhverfislegir þættir í rekstri og stækkun kísilverksmiðjunnar séu verulega neikvæðir og því verði leyfisveitendur að hafna umsóknum til stækkunar og endurnýjaðs reksturs verksmiðjunnar. Þegar mikil óvissa er um áhrif framkvæmdar, og ekki síst ef heilsufar í aðliggjandi byggðum kann að vera í húfi, er skynsamlegt að grípa til varúðarreglunnar.

Stjórn Landverndar tekur heilshugar undir umsögn umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar sem bæjarstjórn samþykkti á 251. fundi sínum þann 11. júní sl.<sup>2</sup> en þar segir ma. (feitletrun Landverndar):

*„Niðurstaða umhverfis- og skipulagsráðs er að ekki sé nægilega gerð grein fyrir umhverfisáhrifum starfseminnar. Ráðið er ekki sammála niðurstöðum frummatsskýrslunnar varðandi loftgæði, samfélag, atvinnulíf og heilsu og **telur mjög ólíklegt að efnahagsleg áhrif framkvæmdarinnar séu það mikil að þau vegi upp á móti neikvæðum áhrifum hennar á þann veg að þau nái að gera heildaráhrif verksmiðjunnar á samfélagið jákvæð.**“*

<sup>1</sup> <https://www.ruv.is/frett/hrakfallasaga-united-silicon-i-helguvik>

<sup>2</sup> <https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/umhverfis-og-skipulagsrad/251-fundur>

### Heilsufar íbúa í nágreni Helguvíkur

Á rekstrartíma kísilvernsins sem nú á að koma aftur í gang fundu íbúar Reykjanesbæjar og víðar fyrir miklum neikvæðum heilsufarsáhrifum. Eins og sést af athugasemdum úr samráðsferli Stakksbergs vegna frummatsskýrslu er þetta skiljanlega helsta áhyggjuefni þeirra sem málið varðar. Þar sem íbúabyggð er eingöngu kílómetra frá athafnasvæði verksmiðunnar má lítið út af bera til þess að hættuleg efni fari yfir byggðina og mengi andrúmsloft íbúanna. Fram kemur í frummatsskýrslu og í svörum við athugasemdum úr samráðsferli, að Stakksberg hefur engar skýringar fundið á veikindum íbúana sem tengdar hafa verið við kísilverksmiðjuna. Því er ekkert vitað um það hvort þær aðgerðir sem nú á að grípa til til þess að koma í veg fyrir að hættulegum efnum verði dælt yfir íbúabyggð muni virka. Á meðan orsök veikindanna finnst ekki, er ekki hægt að tryggja að þau muni ekki endurtaka sig þegar verksmiðjan verður aftur gangsett. Hægt er að leiða líkum að því að hár skorsteinn fyrir útblástur dragi úr þessum áhrifum. En reynslan ein fær úr því skorið. Það er ekki ásættanlegt að gera áframhaldandi tilraunir á íbúum án samþykkis þeirra. Það verður að svara með óyggjandi hætti að veikindi viðkvæmra hópa muni ekki taka sig upp aftur áður en lengra er farið. Því er ekki svarð í frummatsskýrslu og þar er fullýrt að því sé ekki hægt að svara. Þetta atriði eitt ætti því að vera næg ástæða til að draga til baka áform um að gangsetja verksmiðjuna aftur að afloknum kostnaðarsömu endurbótum.

### Rekstrartruflanir og óvissa

Á rekstrartíma kísilvernsins tókst ekki að halda stöðugu hitastigi á ofnum, eða halda nokkrum stöðugleika í starfi verksmiðjunnar. Það er of langt mál að telja upp allt það sem misfórst á rekstrartíma verksmiðjunnar enda hafa margir fjölmiðlar fjallað ítarlega um það. Ítrekað sleppti verksmiðjan út menguðu lofti langt umfram heimildir. Sömu sögu er að segja af kísilveri PCC á Bakka þar sem hver bilunin hefur rakið aðra ef marka má fréttir. Frummatsskýrslan veitir ekki sannfærandi svör við því hvernig Stakksberg/Arionbanki hyggst koma í veg fyrir að saga bilana, truflana og neyðarviðbragða endurtaki sig.

### Skorsteinn og aðrar endurbætur

Endurbætur sem Stakksberg fyrirhugar á verksmiðjunni eru til einhverra bóta, eins og notkun skorsteins til þess að draga úr mengun yfir byggðina. Samt sem áður er verið að dæla jafn miklu (eða meira ef af stækkun verður) af mengandi efnum út í andrúmsloftið, bara á annan hátt með dreifingu sem er til bóta fyrir íbúana á meðan allt gengur vel. Einnig verður að taka inn í reikninginn að í mörgum tilfellum verður að hleypa menguðu lofti út um rjáfur ef bilanir verða, eins og iðulega gerðist þegar verksmiðjan var áður í rekstri og gerist enn hjá PCC á Bakka. Eins og áður sagði hefur Stakksberg ekki með sannfærandi hætti sýnt að dregið verði verulega úr bilunum og rekstrartruflunum þegar og ef verksmiðjan verður gangsett að nýju. Á sínum tíma töldu forsvarsmenn United Silicon að skorsteinn dygði ekki til að draga úr uppsafnaðri mengun vegna tveggja kísilvera á svæðinu. sbr. athugasemdir um áformað kísilver Thorsil í Helguvík<sup>3</sup>. Af framansögðum athugasemdum frá árinu 2014 verður aðeins dregin sú ályktun að stækkun kísilverns Stakksbergs sem lýst er í frummatsskýrslu sé óaþyrg þrátt fyrir að reistur verði skorsteinn fyrir útblástur.

<sup>3</sup> <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1070/S9.pdf>





Landvernd hefur því ekki ástæðu til að ætla að fyrirhugaðar endurbætur á verksmiðjunni séu nægjanlegar til þess að koma í veg fyrir að þeir gríðarmiklu erfiðleikar í starfsemi verksmiðjunnar áður en henni var lokað, endurtaki sig.

Þá vill stjórn Landverndar benda á að orðið „lyktarmengun“ er villandi. Lyktin er af efnum sem skynfæri manna greina og þeim geta fylgt hættuleg efni sem lyktarskynið greinir ekki. Orðið lyktarmengun gefur til kynna að einu óþægindin sem um ræðir séu vond lykt en í tilviki kísilverksmiðjunnar fylgdu lyktinni allskyns hættuleg og erandi efni eins og brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnissambönd, svifryk, þungmálmar og rokgjörn lífræn efni.

### **Losun gróðurhúsalofttegunda**

Sú aukning í losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi sem forsvarsmenn Stakksbergs (Arionbanki) vilja er í fullu ósamræmi við stefnu Íslands um kolefnishlutleysi árið 2040, skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum og sjálfbæra þróun þar sem hún spillir fyrir möguleikum komandi kynslóða að uppfylla sínar þarfir. Skiptir þá litlu að losunin falli undir ETS kerfið, hún mun samt stuðla að hraðari hlýnun jarðar með tilheyrandi hamförum.

Þegar að auki er mikil óvissa með rekstur verksmiðjunnar, bilanatíðni og hversu vel gengur að halda ljósbogaofnum við rétt hitastig gæti losunin orðið enn meiri en ella, eins og raunin varð þegar verksmiðjan var síðast gangsett.

### **Grunnvatnsmengun**

Stjórn Landverndar telur að vegna staðsetningar standi vatnsbólum íbúa á Reykjanesi ekki alvarleg ógn af kísilverinu. Hafa ber í huga að vatnsbólum á svæðinu stendur ógn af mörgum þáttum eins og starfsemi flugvallarins sem veltir eiturefnum beint út í hraunið, vegna aflagðrar starfsemi herstöðvarinnar á Miðnesheiði og vegna mikillar umferðar um Grindavíkurveg. Losun frá áformaðir verksmiðju bætir óneitanlega á loftmengun á svæðinu og sú mengun mun að einhverju leyti falla til jarða á vatnsbólum íbúa. Hún er því óhjákvæmilega viðbót við þá ógn við vatnsbólin sem þegar er fyrir hendi. Skynsamlegra er að draga úr hættu á mengun vatnsbóla fremur en að auka hana með rekstri kísilverinsins.

### **Deiliskipulag**

Stjórn Landverndar bendir aftur á umsögn Reykjanesbæjar um frummatsskýrsluna en þar kemur fram að núverandi byggingar séu ekki í samræmi við deiliskipulag og að fyrirhugaðar breytingar þarfnist að auki breytinga á deiliskipulagi. Miðað við neikvæða umsögn sveitafélagsins um frummatsskýrsluna er ekki ástæða til að ætla að sveitarfélagið fallist á breytingar á deiliskipulagi eða veita framkvæmdaleyfi fyrir breytingum. Íbúar, vegna fyrri reynslu, verða skiljanlega að öllum líkindum aldrei sáttir við verksmiðjuna. Það má því telja að affarsælast fyrir Arionbanka sé að afskrifa verksmiðjuna, sem fram til þessa hefur verið öllum til óheilla. Endurbætur kosta 4,5 milljarða króna, helming af því sem núverandi ríkisstjórn áætlað í loftslagsmál á 5 árum. Ef til vill mætti finna milljörðunum 4,5 einhver betri not.

### **Í hvað fer orkan?**

Forsvarsmenn orkufyrirtækja hafa undanfarið lagt mikla áherslu á að í landinu sé orkuskortur og hafa stundað hræðsluáróður um að ekki sé til næg orka til dæmis til þess að knýja rafbílaflota landsins.

Landvernd telur að þessar fullyrðingar standist ekki en telur að mikilvægt sé að taka meðvitaðar ákvarðanir um það í hvað orkan sem framleidd er á Íslandi með tilheyrandi spjöllum á íslenskri náttúru sé notuð. Að mati stjórnar Landverndar ætti mengandi stóriðja eins og kísilver að vera neðarlega á forgangslista yfir orkukaupendur framtíðarinnar. Það er ósættanlegt að orkufyrirtækin geri samninga við stórkaupendur að orku og fullyrði svo að ekki sé til næg orka í landinu og að fara verði í frekari eyðileggingu á náttúrunni. Landsvirkjun hefur lofað orku til verksmiðjunnar óbreyttrar með afli sem nemur 35 MW. Þá orku væri heillavænlegra að nýta til annarra þarf svo sem rafbílavæðingu, ræktun grænmetis eða rafvæðingu hafna.

### Sjónræn áhrif

Með þeim „endurbótum“ sem lýst er í frummatsskýrslunni mun verksmiðjan hafa enn meiri sjónræn áhrif og sjást mjög víða að. Þessi áhrif verður að meta heildstætt og frá grunni í ljósi þess hve víðsýnt er að verksmiðjunni og hve þétt byggð er í nágrenni hennar. Þá eru myndir sem sýna eiga sjónræn áhrif verksmiðjunnar villandi.

### Lokaorð

Stjórn Landverndar fær ekki séð að Stakksberg/Arionbanki hafi sýnt fram á að endurbætur á kísilverksmiðjunni í Helgúvík munu tryggja öryggi íbúa í Reykjanesbæ eða að losun gróðurhúsalofttegunda verði á því bili sem gert er ráð fyrir. Núllkostur, að ræsa verksmiðjuna ekki að nýju, er eini rökrétti kosturinn.

Ef þrátt fyrir málefnaleg mótrök verði fallist áformin, ber að hafna alfarið þeim stækkunum sem lagt er upp með í frummatsskýrslu þannig að hugsanlegir fjárfestar reikni ekki hagkvæmi í verkefnið með stækkunarmöguleikum.

Stóriðjuuppbygging í Helgúvík er sorgarsaga. Kísilver United Silicon, álver í Helgúvík, kísilver Thorsil og stórskiphöfnin í Helgúvík hafa engum tilgangi þjónað enn nema að brenna upp fjármuni og spilla heilsu íbúa. Stjórn Landverndar telur að frekari stóriðjuuppbyggingu á Íslandi heyrri sögunni til og að um hana verði aldrei sátt, ekki síst eftir hamfarasögu United Silicon. Það er fullkomið tillitsleysi við íbúa á Reykjanesi og við framtíðarkynslóðir að reyna að fara aftur af stað með starfsemi sem fékk falleinkunn.

Stjórn Landverndar hvetur Stakksberg/Arionbanka til þess að falla frá hugmyndum um að endurræsa kísilverið. Kísilverið fulltrúi hrunsins og gamla tímans þar sem gengdarlaus og ósjálfbær ágangur á auðlindir viðgekkst. Nútíminn kallar á nýjar lausnir og fjárfestingar sem efla hringrásarhagkerfið. Þar er fjármunum bankans betur varið til heilla fyrir framtíðina.

*Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Landverndar*

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri



## Athugasemdir við endurbætur kísilverksmiðju í Helguvík, Reykjanesbæ

Sæl,

Þó að ég bý í Reykjavík en ekki Reykjanesbæ, langar mig að benda á galla við umhverfismat þessar framkvæmdir.

Ég tók eftir því að skýrslu NILU er ekki viðeigandi. Það stendur á bls. 6: „While there have been several measurement studies around Norwegian metallurgic industries, no studies especially link emissions to odor and/or health impacts on the nearest neighbours. Nevertheless, we have included summary of three older studies, which we believe are relevant even if the source of emissions is not silicon industries“.

Þá fjalla höfundar skýrslunnar um „The health Effects of Traffic Pollution as Measured in The Vålerenga Area of Oslo“, „Short term cohort study of the relationship between health and air pollution in Grenland, Norway. Field work, data acquisition and data preparation“ og „In the study “Lead in blood”, air concentrations were measured and blood samples were collected of residents in heavy trafficated areas“.

Hvernig í ósköpunum ætti þessi tilfelli að tengjast kísilveri í Helguvík, þar sem íbúar kvörtuðu oft um heilsuvandamál eins og pírringur í augum, höfuðverk og öndunarerfiðleikar þegar kísilver United Silicon var í gangi?

Og það hefur ekkert verið lært af PCC Bakka, sem hefur verið í talsverðum erfiðleikum með sítt kísilver þó að þau eru með „Best Available Technology“. Þeir eru alltaf að starta og stoppa ofna, og hvert sinn sem það gerðist er möguleiki af heilsuspillandi reyk.

Mig langar að benda á þetta blogg sem ég skrifaði nýlega um málið, sjá:

<https://lowanaveal.wordpress.com/2020/06/04/silicon-metal-smelters-in-iceland-past-present-and-future/>

Kveðja,

Lowana Veal, M.Sc

From: Magnea Ólafsdóttir <molafs@hotmail.com>  
Sent: 10.06.2020 09:32:13  
To: Skipulagsstofnun  
Subject: Athugasemdir Magneu Ólafsdóttur

Góðan dag

Mig langar að koma á framfæri athugasemdum vegna United Silicon:

Jafna við jörðu hið fyrsta vegna þess að:

- 1) Alltof nálægt byggð, bæði íbúabyggð og hesthúsum
- 2) Fyrirhuguð starfssemi í strássi við umhverfissjónarmið og kolefnisspor
- 3) Var sett á laggirnar á fölskum forsendum sem og gögnum
- 4) Mengun næg fyrir vegna alþjóðaflugvallar

Það þarf að hugsa þetta allt upp á nýtt. Mætti ég heldur biðja um grænan reit þar sem ræktun matvæla og lækningajurta á sér stað. Kyrrstaðan sem skapaðist í kjölfar Covid-19 sýndi það og sannaði, að mengun Jarðar er af mannavöldum og tími til kominn að snúa þessari þróun við.

Virðingarfyllst,  
M



**From:** Margret Thorolfsdottir <askurogtigri112@gmail.com>

**Sent:** 12.05.2020 18:57:59

**To:** Skipulagsstofnun

**Subject:** Athugasemd við frummatsskýrslu Stakksbergs

Reykjanesbær 12.05.2020.

Ég geri alvarlega athugasemd við að Stakksberg reisi 52. metra háan skorstein sem veruleg sjónmengun er af. Að stækka verksmiðjuna eykur á sjónmengunina enda í upphafi var talað um og lofað að þessi verksmiðja mundi ekki valda neinni sjónmengun en það gerir hún svo sannarlega hvað þá með 52. metra háum neyðarskorsteini. Nú þegar hverfur ásýnd Bergsins er byggingin ber við sjóndeildarhringinn þegar horft er til norðurs frá Vatnsnesi og stingur í stúf við landslagið. Einnig skyggir hún á sólsetur þegar horft er frá sama stað á fallegum haust dögum. Sagt er að þessi neyðarskorsteinn eigi að dreifa betur lyktarvaldandi efnum og afsogslofti hleypt óhreinsuðu út í andrúmsloftið. Þar sem verksmiðjan er í túnfæti Reykjanesbæjar og í næsta nágrenni eru leikskólar og grunnskóli hlýtur að vera veruleg mengunarhætta frá verksmiðjunni. Þar með setur hún börn og aðra íbúa sem anda að sér þessari mengun í stór hættu því í þessari skýrslu er tekið fram að fínt kísilryk fer þá óhreinsað út í andrúmsloftið. Kísilryk í lungum getur valdið mjög miklum öndunarörðuleikum þegar til langtíma er litið og skerðir loftgæði íbúa eins og við höfum þegar fundið fyrir frá þessari verksmiðju.

Þessi frummatsskýrsla sem Stakksberg setur hér fram er ekkert frábrugðin fyrri frummatsskýrslum sem áður hafa verið gefnar út um þessa verksmiðju með loforðum sem engan veginn geta átt sér stoðir í veruleikanum. Mengunarútbúnaður verksmiðjunnar er gallaður, vothreinsibúnaður með borholum nálægt eldsneytistönkum sem grafnir eru niður í jörð er í hæsta lagi ávísun á sprengihættu og engan vegin raunverulegur kostur. Þá að affallsvatninu frá verksmiðjunni verði dælt út í sjó þar sem engar rannsóknir verið gerðar til að greina hvaða áhrif það hefði á lífríki sjávar við strendur Helguvíkur er einni vafasamur kostur. Íbúar í Reykjanesbæ láta ekki fagurgalann í þessari matsskýrslu blekkja sig og ég sem íbúi er alfarið á móti kísilveri Stakksbergs. Rökin eru vegna þeirrar loft, sjó og sjónmengunnar sem hún mun valda og að þessi loforð um betri verksmiðju geta engan vegin staðist þegar á reynir. Ég vil ómengaðan Reykjanesbæ með góðum loftgæðum svo íbúar geti stundað heilsusamlega hreyfingu úti við án þess að heilsu þeirra sé stefnt í hættu. Þar af leiðandi tel ég að eini kosturinn fyrir Stakksberg sé að velja núllkostinn.

Með kveðju

Margrét S Þorólfsdóttir

kt. 2001616539


Íbúi í Reykjanesbæ

## Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir

---

**From:** signyg@simnet.is  
**Sent:** þriðjudagur, 23. júní 2020 22:20  
**To:** Skipulagsstofnun  
**Subject:** I am sharing 'ath.semnd við frummatsskýrslu júní 2020-1\_100' with you  
**Attachments:** ath.semnd við frummatsskýrslu júní 2020-1\_100.docx

Sent from my Huawei tablet





23 júní 2020

Athugasemdir vegna Kísilversins í Helguvík.

Að reisa 52. metra háan skorstein sem felur í sér verulega sjónmengun, er eitthvað til að hafa áhyggjur af vegna enn frekari dreifingu mengunar.

Með mengandi verksmiðju sem nú er í túnfæti Reykjanesbæjar og í næsta nágrenni við leikskóla og grunnskóla, er verulega mikið til að hafa áhyggjur af.

Skerðing loftgæða íbúa Reykjanesbæjar út af kísilyki, er hræðileg tilhugsun sem felur í sér tjón á heilsu fólks og á ekki heima í heilsueflandi sveitarfélagi og ætti ekki að samrýmast „grænni“ umhverfisstefnu eiganda Stakksbergs þ.e. Aríon banka.

Að vera með kísilver nálægt eldsneytistönkum fullum af flugvélaeldsneyti, er til að hafa áhyggjur af og þyrfti að koma til skoðunar hjá NATO.

Að hleypa afsogslofti óhreinsuðu út í andrúmsloftið í Helguvík, er til að hafa áhyggjur af.

Ég geri alvarlega athugasemdir við að affallsvatninu frá verksmiðjunni verði dælt út í sjó þar sem engar rannsóknir hafa verið gerðar til að greina hvaða áhrif það hefði á lífríki sjávar við strendur Helguvíkur eða lífríki við Faxaflóann.

Ég tel það eina kostinn fyrir Stakksberg sé að velja núllkostinn þ.e.a.s að fara burt með kísilverksmiðjuna og kísilverksmiðjudraumin sinn burt úr Helguvík.


Íbúar í Reykjanesbæ vilja ráða loftgæðum í bæjarfélaginu til frambúðar án þess að anda að sér afsogslofti og kísilyki.

Þið segið í þessari matsskýrslu að loftgæði muni minnka og að starfsemin muni einnig hafa nokkuð neikvæð áhrif á grunnvatn og ásýnd bæjarfélagsins sem er algerlega óásættanlegt fyrir okkur íbúa hér í Reykjanesbæ og okkar nærsamfélagi, ekki síður eru það hagsmunir íbúa nágrannasveitarfélaga einnig.

Þessi frummats skýrsla sem Stakksberg setur hér fram er ekkert frábrugðin fyrri frummats skýrslum sem áður hafa verið gefnar út um þessa verksmiðju með loforðum sem engan veginn geta átt sér stoðir í veruleikanum.

Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands  
Austurgötu 29b  
220 Hafnarfjörður  
Kt. 501111-1630  
[nsve@nsve.is](mailto:nsve@nsve.is)

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
Netfang: [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)



25. júní 2020

**Efni: Athugasemdir Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands (NSVE) við frummatsskýrslu Stakksbergs um endurbætur á kísilmálmverksmiðjunni í Helguvík.**

Stjórn NSVE lýsir furðu sinni á því að Arion banki, eigandi Stakksbergs, haldi fast við þá áætlun sína að ræsa kísilverksmiðjuna í Helguvík á nýjan leik. Stjórnendur Arion banka eru þar í hrópandi mótsögn við sjálfa sig þar sem þeir hafa í fjölmiðlum undanfarið státað sig af grænum gildum.

Nýlega mátti lesa í Viðskiptablaðinu að viðskiptavinum Arion banka byðist að leggja sparnað sinn inn á „vistvænan“ innlánsreikning og slíkum reikningum yrði ráðstafað til „umhverfisvænna“ verkefna (<https://www.vb.is/frettir/graenn-voxtur-arion-banka/162554/>).

Ekki er heldur langt síðan Arion banki kynnti „græna“ stefnu fyrirtækisins sem meðal annars felst í því að bankinn ætlar að krefja byrgja sína um að þeir grípi til aðgerða í umhverfis og loftlagsmálum í sinni starfsemi (<https://www.vb.is/frettir/arion-ur-blau-i-graent/160107/?q=Arion>)

Því miður verður að segjast að stjórnendur Arion banka/Stakksbergs eru þarna skelfilega ósamkvæmir sjálfum sér, vægast sagt. Eða gilda grænu gildin ekki á Suðurnesjum?

Það ætlar að reynast eigendum kísilbræðslunnar óskaplega erfitt að meðtaka þá staðreynd að bæjarbúar í Reykjanesbæ vilja ekki þessa verksmiðju. Þeir eru vel minnugir þess hildarleiks sem fór á stað þegar hún var ræst á sínum tíma undir merkjum United Silicon. Þar fór allt á versta veg, þrátt fyrir síendurtekin loforð um að allt stæði til bóta og eingöngu væri um byrjunarerfiðleika að ræða. Það stóðst engan veginn. Starfsleyfi var reist á falsaðri umhverfismatsskýrslu sem innihélt fögur fyrirheit um „bestu fánlegu tækni“. Þar stóð ekki steinn yfir steini.

Enn á ný mæta eigendur verksmiðjunnar með umhverfismatsskýrslu, stagbætta frá hinni fyrri og lofa að allt verði betra en síðast. Traust bæjarbúa til framkvæmdaaðilans er hins vegar á núlli sökum fyrri reynslu. Þeir hafa engan áhuga á að ganga aftur í gegnum þær hörmungar sem þessi verksmiðja leiddi yfir þá síðast þegar hún var gangsett og vilja njóta vafans. Vafinn er gríðarlegur eins og best sést þegar rýnt er í hina nýju umhverfismatsskýrslu. Þar eru ýmsar fullyrðingar um lofgæði, samfélag, atvinnulíf og ekki síst heilsu sem eru með öllu ósannaðar. Vert er að benda á vel rökstudda umsögn umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar frá 11. júní síðastliðnum þar að lútandi. Ráðið er ekki sammála niðurstöðum frummatsskýrslunnar varðandi þessa þætti og telur mjög ólíklegt að efnahagsleg áhrif framkvæmdarinnar séu það mikil að þau vegi upp á móti neikvæðum áhrifum



hennar á þann veg að þau nái að gera heildaráhrif verksmiðjunnar á samfélagið jákvæð. Stjórn NSVE tekur heilshugar undir þetta.

Þá rétt að benda á hvernig hlutirnir hafa gengið hjá PCC á Bakka sem hefur nú lokað a.m.k. tímabundið vegna lágs verðs á kísilmálm og lítillar eftirspurnar. Þar hefur allt gengið á afturfótunum líkt og hjá United Silicon á sínum tíma. Samt fullyrtu forsvarsmenn PCC í fjölmiðlum að sagan myndi ekki endurtaka sig, þeir ætluðu að gera þetta miklu betur og vanda til verka, auðvitað „með bestu fánlegri tækni“. Raunin er hins vegar allt önnur og í því ljósi er engan veginn hægt að treysta því að hörmungarsaga United Silicon endurtaki sig ekki, verði verksmiðjan ræst að nýju. Sú fullyrðing í matsskýrslu Stakksbergs að fjórir bræðsluofnar muni menga minna en sá eini sem var fyrir verður að teljast algjörlega út í hött. Hún stenst enga skoðun. Framkvæmdaaðili réði ekki einu sinni við að reka einn ofn, eins og raun ber vitni. Hjá PCC á Bakka hafa menn verið í miklum vandræðum með að reka tvo ofna. Sú spurning hlýtur að vakna hvort framkvæmdaaðili sé fær um að reka fjóra ofna skammlaust í ljósi þess sem á undan er gengið?

Þessi verksmiðja er hrikaleg tímaskekkja á tímum þegar mannkynið allt stendur frammi fyrir gríðarlegum vanda í loftlagsmálum. Það liggur fyrir að Íslendingar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart annarri samþykkt Kýótóbókunarinnar. Ísland skuldbatt sig til að draga úr losun um fimmtung en hún hefur hins vegar verið stöðug síðan 2011. Og þá blasir það einnig við að Íslendingar geta ekki heldur staðið við skuldbindingar Parísarsamkomulagsins og þurfa að kaupa losunarheimildir fyrir mikla fjármuni. Pólitísk loforð um efndir skuldbindinga í loftlagsmálum eru afar ósannfærandi í ljósi reynslunnar. Eigum við þá bara að ræsa eitt stykki kolabrennandi kísilbræðslu sem eykur losun Íslands um 10 prósent og rúmlega það? ([https://www.ruv.is/frett/kisilverksmidja-eykur-losun-islands-um-10?fbclid=IwAR02EqU3BdJ-Pq17pm\\_3MLRn1FFd5NI1UeAAJ\\_z7RVfFSzhTCjqzddN\\_1FU](https://www.ruv.is/frett/kisilverksmidja-eykur-losun-islands-um-10?fbclid=IwAR02EqU3BdJ-Pq17pm_3MLRn1FFd5NI1UeAAJ_z7RVfFSzhTCjqzddN_1FU))

Að lokum er rétt að áréttastefnu Reykjanesbæjar varðandi iðnaðaruppbyggingu í Helguvík. Í Aðalskipulagi bæjarins, samþykktu árið 2017 er ekki gert ráð fyrir frekari starfsemi í Helguvík sem losi flúor og brennisteinsdíoxíð. Þá skal bent á áskorun meirihluta bæjarfulltrúa Reykjanesbæjar á fundi bæjarstjórnar þann 22. janúar 2019 til framkvæmdaaðila og eigenda kísilverkefna í Helguvík þess efnis að þeir falli frá uppbyggingu og rekstri kísilmálmverksmiðja í Helguvík. Það er því augljóst að hvorki bæjaryfirvöld né bæjarbúar kæra sig um þessa verksmiðju.

Stjórnendur Arionbanka/Stakksbergs verða að meðtaka það. Þeir gera hins vegar lítið úr núllkostinum, sem fær ekkert vægi í skýrslunni af því hann „samræmist ekki markmiði framkvæmdaaðila“. En hvað með markmið bæjaryfirvalda og vilja bæjarbúa? Hefur það ekkert vægi? Segir það ekkert um vilja bæjarbúa að hátt í þrjú þúsund þeirra skrifuðu undir áskorun um að íbúakosning færi fram um málið?

Leyfisveitendur og stjórnsýslan mega ekki bregðast bæjarbúum Reykjanesbæjar eins og síðast. Nú er komið að því að standa með þeim. Heilsu og lífsgæði 20 þúsund íbúa **verður** að taka fram yfir fjárhagslega hagsmuni eins fjármálafyrirtækis.

Virðingarfyllt,

f.h. Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands

  
Helena Mjöll Johannsdóttir, formaður

**From:** ragnhildur@talnet.is <ragnhildur@talnet.is>

**Sent:** 10.06.2020 17:21:14

**To:** Skipulagsstofnun

**Subject:** Athugasemd Ragnhildar L Guðmundsdóttur

Athugasemdir vegna Kísilversins í Helguvík.

Að reisa 52. metra háan skorstein sem felur í sér verulega sjónmengun, er eitthvað til að hafa áhyggjur af vegna enn frekari dreifingu mengunar.

Með mengandi verksmiðju sem nú er í túnfæti Reykjanesbæjar og í næsta nágrenni við leikskóla og grunnskóla, er verulega mikið til að hafa áhyggjur af.

Skerðing loftgæða íbúa Reykjanesbæjar út af kísilryki, er hræðileg tilhugsun sem felur í sér tjón á heilsu fólks og á ekki heima í heilsueflandi sveitarfélagi og ætti ekki að samrýmast „grænni“ umhverfisstefnu eiganda Stakksbergs þ.e. Aríon banka. Eftir síðustu tilraunir með þessa verksmiðju þurfti ég að leita læknis og það er skráð í skýrslu læknis að eftir rannsóknir þá telji hann miklar líkur á því að erting í öndunarfærum mínum stafi af þessari verksmiðju.

Að vera með kísilver nálægt eldsneytistönkum fullum af flugvélaeldsneyti, er til að hafa áhyggjur af og þyrfti að koma til skoðunar hjá NATO.

Að hleypa afsogslofti óhreinsuðu út í andrúmsloftið í Helguvík, er til að hafa áhyggjur af.

Ég geri alvarlega athugasemdir við að affallsvatninu frá verksmiðjunni verði dælt út í sjó þar sem engar rannsóknir hafa verið gerðar til að greina hvaða áhrif það hefði á lífríki sjávar við strendur Helguvíkur eða lífríki við Faxaflóann.

Ég tel það eina kostinn fyrir Stakksberg sé að velja núllkostinn þ.e.a.s að fara burt með kísilverksmiðjuna og kísilverksmiðjudraumin sinn burt úr Helguvík.

Íbúar í Reykjanesbæ vilja ráða loftgæðum í bæjarfélaginu til frambúðar án þess að anda að sér afsogslofti og kísilryki.

Þið segið í þessari matsskýrslu að loftgæði muni minnka og að starfsemin muni einnig hafa nokkuð neikvæð áhrif á grunnvatn og ásýnd bæjarfélagsins sem er algerlega óásættanlegt fyrir okkur íbúa hér í Reykjanesbæ og okkar nærsamfélagi, ekki síður eru það hagsmunir íbúa nágrannasveitarfélaga einnig. Þessi frummats skýrsla sem Stakksberg setur hér fram er ekkert frábrugðin fyrri frummats skýrslum sem áður hafa verið gefnar út um þessa verksmiðju með loforðum sem engan veginn geta átt sér stoðir í veruleikanum.

Ragnhildur L. Guðmundsdóttir kt. 2811644579



# Umsögn

vegna frummatsskýrslu Stakkbergs  
um endurbætur á kísilmálmverksmiðjunni í Helgúvík.

 Skipulagsstofnun
Mótt.: 24. júní 2020
Málnr. 202003051

Mikið lifandi skelfingar ósköp ætla það að reynast Arionbanka/Stakksbergi erfitt að meðtaka þá staðreynd að bæjarbúar vilja ekki þessa verksmiðju yfir sig aftur. Þrátt fyrir nýja og stagbætta matsskýrslu og fögur fyrirheit um að allt verði betra en síðast hafa bæjarbúar engan áhuga á að taka sénsinn á að svo verði, skaðbrenndir eftir þær hörmungar sem þetta verksmiðjubrólt leiddi yfir þá síðast. Einmitt þá fengu bæjarbúar einnig að heyra fögur fyrirheit um „bestu fáanlegu tækni“ og hvaðeina en ekkert, bókstaflega ekkert af því stóðst. Allir eftirlitsaðilar og leyfisveitendur brugðust bæjarbúum í málinu. Þeir hafa engan hug á að ganga í gegnum þau svipugöng aftur og traust til eigenda verksmiðjunnar er algjörlega á núlli eftir það sem á undan er gengið. Við höfum einnig fylgst með gangi mála hjá PCC á Bakka, sem er ekkert ósvipaður og var hjá United Silicon. Samt sóru forsvarsmenn PCC og sárt við lögðu að sagan myndi ekki endurtaka sig, þeir ætluðu að gera þetta miklu betur og vanda til verka „með bestu fáanlegri tækni“. Raunin virðist allt önnur og í ljósi þess geta bæjarbúar í Reykjanesbæ engan veginn treyst því að hörmungarsaga verksmiðjunnar í Helgúvík muni ekki endurtaka sig, verði hún ræst að nýju. Bæjarbúar vilja einfaldlega þessa verksmiðju burt. En eigendur hennar virðast hugsa eingöngu um sína peningalegu hagsmuni, kæra sig kollótta um heilsu og velferð bæjarbúa og ætla að neyða þennan ófögnuð uppá þá á nýjan leik.

Við brennslu kola myndast þrjú skaðleg mengunarefni sem hafa áhrif á heilsu fólks. Þetta eru Brennisteinsdíoxíð (SO<sub>2</sub>), Köfnunarefnisoxíð (NO<sub>x</sub>) og svífrík eða öragnir í andrúmsloftinu (PM). Vitað er að þessi efni eru einnig skaðleg í litlu mæli, einnig undir núgildandi viðmiðunarmörkum reglugerða. Og þessi verksmiðja er einungis í 2km fjarlægð frá byggð! Er það virkilega svo að 5 manna stjórn í fjármálafyrirtæki geti lögformlega hafið eiturefnaherferð á u.þ.b. 20 þúsund manna íbúabyggð í þeim eina tilgangi að græða peninga á því?

Þessi verksmiðja er hrikaleg tímaskekkja á tímum þegar mannkynið allt stendur frammi fyrir gríðarlegum vanda í loftlagsmálum. Hún er tímaskekkja þegar það liggur fyrir að Íslendingar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart annarri samþykkt Kýótóbókunarinnar. Ísland skuldbatt sig til að draga úr losun um fimmtung en hún hefur hins vegar verið stöðug síðan 2011. Þessi verksmiðja er tímaskekkja þegar Íslendingar eru langt frá því að geta staðið við skuldbindingar Parísarsamkomulagsins og þurfa að kaupa losunarheimildir.

Fullyrðingar í matsskýrslunni eru sumar hverjar hreint kostulegar, eins og að 70-80 störf vegi upp á móti þeim óþægindum sem íbúar verði fyrir af rekstri verksmiðjunnar, sem er í eðli sínu verulega mengandi, eins og kemur fram í skýrslunni. Dettur mönnum það virkilega í hug að bæjarbúar séu til í að fórna loftgæðum og þar með lífsgæðum sínum fyrir 70-80 störf? Jafnvel þótt atvinnuleysi sé 20% núna kemur þetta auðvitað ekki til greina. Þó það væri 40%!

Sú fullyrðing að fjórir bræðsluofnar muni menga minna en sá eini sem var fyrir verður að teljast hlægileg í besta falli. Þetta stenst enga skoðun. Mennt réðu ekki einu sinni við að reka einn ofn, eins og raun ber vitni. Hjá PCC á Bakka hafa menn verið í miklum vandræðum með að reka tvo ofna. Annað hvort eru rekstaraðilar þessara tveggja kísilvera algjörir viðvaningar eða þá að verksmiðjurnar

eru gallaðar. Nema hvoru tveggja sé. Hvernig í ósköpunum á maður að trúa því að þessir aðilar geti rekið fjóra ofna skammlaust í ljósi þess sem á undan er gengið?

Og enn og aftur reyna menn að draga úr sýnileika verksmiðjunnar, sem sést alla leið úr Hvalfirði í góðu skyggni. Byggingarnar eru mun hærra en þær áttu að vera og því ólöglegar. En menn ætla að bæta um betur og setja ofan á hana 52 metra háan stromp, svo hún muni nú örugglega blasa við um gjörvallt Faxaflóasvæðið!

Ég vil benda á ágæta og vel rökstudda umsögn umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar frá 11. júní síðastliðnum. Sú umsögn ætti að færa eigendum verksmiðjunnar enn frekar sanninn um að bæjarbúar vilja ekki þessa verksmiðju. Ráðið er ekki sammála niðurstöðum frummatsskýrslunnar varðandi loftgæði, samfélag, atvinnulíf og heilsu og telur mjög ólíklegt að efnahagsleg áhrif framkvæmdarinnar séu það mikil að þau vegi upp á móti neikvæðum áhrifum hennar á þann veg að þau nái að gera heildaráhrif verksmiðjunnar á samfélagið jákvæð. Undir þetta tek ég heilshugar.

Þá er rétt að áréttastefnu Reykjanesbæjar varðandi iðnaðaruppbyggingu í Helguvík. Í Aðalskipulagi bæjarins, samþykktu árið 2017 er ekki gert ráð fyrir frekari starfsemi í Helguvík sem losi flúor og brennisteinsdíoxíð. Rétt er að minna á áskorun meirihluta bæjarfulltrúa Reykjanesbæjar á fundi Bæjarstjórnar þann 22. janúar 2019 til framkvæmdaaðila og eigenda kísilverkefna í Helguvík þess efnis að þeir falli frá uppbyggingu og rekstri kísilmálmverksmiðja í Helguvík.

Það blasir því við að hvorki bæjaryfirvöld né bæjarbúar í Reykjanesbæ vilja þessa verksmiðju. Stjórnendur Arionbanka/Stakksbergs verða að meðtaka það. Núllkosturinn, að ræsa verksmiðjuna ekki að nýju, er sá kostur sem verður að hafa mest vægi í allri umfjöllun um málið, þótt hann „samræmist ekki markmiði framkvæmdaaðila“. Hann er í huga bæjarbúa raunhæfasti kosturinn, þótt framkvæmdaaðili haldi öðru fram. Heilsu og lífsgæði 20 þúsund íbúa **verður** að taka fram yfir peningalega hagsmuni eins fjármálafyrirtækis.

Reykjanesbæ 24. Júní 2020.

*Rögnvaldur Helgi Helgason*

*Melteig 20, Reykjanesbæ*

*1010575349*



# Umsögn

vegna frummatsskýrslu Stakkbergs  
um endurbætur á kísilmálmverksmiðjunni í Helguvík.



Mikið lifandi skelfingar ósköp ætla það að reynast Arionbanka/Stakksbergi erfitt að meðtaka þá staðreynd að bæjarbúar vilja ekki þessa verksmiðju yfir sig aftur. Þrátt fyrir nýja og stagbættu matsskýrslu og fögur fyrirheit um að allt verði betra en síðast hafa bæjarbúar engan áhuga á að taka sénsinn á að svo verði, skaðbrenndir eftir þær hörmungar sem þetta verksmiðjubrólt leiddi yfir þá síðast. Einmitt þá fengu bæjarbúar einnig að heyra fögur fyrirheit um „bestu fánlegu tækni“ og hvaðeina en ekkert, bókstaflega ekkert af því stóðst. Allir eftirlitsaðilar og leyfisveitendur brugðust bæjarbúum í málinu. Þeir hafa engan hug á að ganga í gegnum þau svipugöng aftur og traust til eigenda verksmiðjunnar er algjörlega á núlli eftir það sem á undan er gengið. Við höfum einnig fylgst með gangi mála hjá PCC á Bakka, sem er ekkert ósvipaður og var hjá United Silicon. Samt sóru forsvarsmenn PCC og sárt við lögðu að sagan myndi ekki endurtaka sig, þeir ætluðu að gera þetta miklu betur og vanda til verka „með bestu fánlegri tækni“. Raunin virðist allt önnur og í ljósi þess geta bæjarbúar í Reykjanesbæ engan veginn treyst því að hörmungarsaga verksmiðjunnar í Helguvík muni ekki endurtaka sig, verði hún ræst að nýju. Bæjarbúar vilja einfaldlega þessa verksmiðju burt. En eigendur hennar virðast hugsa eingöngu um sína peningalegu hagsmuni, kæra sig kollótta um heilsu og velferð bæjarbúa og ætla að neyða þennan ófögnuð uppá þá á nýjan leik.

Við brennslu kola myndast þrjú skaðleg mengunarefni sem hafa áhrif á heilsu fólks. Þetta eru Brennisteinsdíoxíð (SO<sub>2</sub>), Köfnunarefnisoxíð (NO<sub>x</sub>) og svífrík eða öragnir í andrúmsloftinu (PM). Vitað er að þessi efni eru einnig skaðleg í litlu mæli, einnig undir núgildandi viðmiðunarmörkum reglugerða. Og þessi verksmiðja er einungis í 2km fjarlægð frá byggð! Er það virkilega svo að 5 manna stjórn í fjármálaforntæki geti lögformlega hafið eiturefnaherferð á u.þ.b. 20 þúsund manna íbúabyggð í þeim eina tilgangi að græða peninga á því?

Þessi verksmiðja er hrikaleg tímaskekkja á tímum þegar mannkynið allt stendur frammi fyrir gríðarlegum vanda í loftlagsmálum. Hún er tímaskekkja þegar það liggur fyrir að Íslendingar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart annarri samþykkt Kýótóbókunarinnar. Ísland skuldbatt sig til að draga úr losun um fimmtung en hún hefur hins vegar verið stöðug síðan 2011. Þessi verksmiðja er tímaskekkja þegar Íslendingar eru langt frá því að geta staðið við skuldbindingar Parísarsamkomulagsins og þurfa að kaupa losunarheimildir.

Fullyrðingar í matsskýrslunni eru sumar hverjar hreint kostulegar, eins og að 70-80 störf vegi upp á móti þeim óþægindum sem íbúar verði fyrir af rekstri verksmiðjunnar, sem er í eðli sínu verulega mengandi, eins og kemur fram í skýrslunni. Dettur mönnum það virkilega í hug að bæjarbúar séu til í að fórna loftgæðum og þar með lífsgæðum sínum fyrir 70-80 störf? Jafnvel þótt atvinnuleysi sé 20% núna kemur þetta auðvitað ekki til greina. Þó það væri 40%!

Sú fullyrðing að fjórir bræðsluofnar muni menga minna en sá eini sem var fyrir verður að teljast hlægileg í besta falli. Þetta stenst enga skoðun. Menn réðu ekki einu sinni við að reka einn ofn, eins og raun ber vitni. Hjá PCC á Bakka hafa menn verið í miklum vandræðum með að reka tvo ofna. Annað hvort eru rekstaraðilar þessara tveggja kísilvera algjörir viðvaningar eða þá að verksmiðjurnar eru

gallaðar. Nema hvoru tveggja sé. Hvernig í ósköpunum á maður að trúa því að þessir aðilar geti rekið fjóra ofna skammlaust í ljósi þess sem á undan er gengið?

Og enn og aftur reyna menn að draga úr sýnileika verksmiðjunnar, sem sést alla leið úr Hvalfirði í góðu skyggni. Byggingarnar eru mun hærra en þær áttu að vera og því ólöglegar. En menn ætla að bæta um betur og setja ofan á hana 52 metra háan stromp, svo hún muni nú örugglega blasa við um gjörvallt Faxaflóasvæðið!

Ég vil benda á ágæta og vel rökstudda umsögn umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar frá 11. júní síðastliðnum. Sú umsögn ætti að færa eigendum verksmiðjunnar enn frekar sanninn um að bæjarbúar vilja ekki þessa verksmiðju. Ráðið er ekki sammála niðurstöðum frummatsskýrslunnar varðandi loftgæði, samfélag, atvinnulíf og heilsu og telur mjög ólíklegt að efnahagsleg áhrif framkvæmdarinnar séu það mikil að þau vegi upp á móti neikvæðum áhrifum hennar á þann veg að þau nái að gera heildaráhrif verksmiðjunnar á samfélagið jákvæð. Undir þetta tek ég heilshugar.

Þá er rétt að áréttta stefnu Reykjanesbæjar varðandi iðnaðaruppbyggingu í Helguvík. Í Aðalskipulagi bæjarins, samþykktu árið 2017 er ekki gert ráð fyrir frekari starfsemi í Helguvík sem losi flúor og brennisteinsdíoxíð. Rétt er að minna á áskorun meirihluta bæjarfulltrúa Reykjanesbæjar á fundi Bæjarstjórnar þann 22. janúar 2019 til framkvæmdaaðila og eigenda kísilverkefna í Helguvík þess efnis að þeir falli frá uppbyggingu og rekstri kísilmálmverksmiðja í Helguvík.

Það blasir því við að hvorki bæjaryfirvöld né bæjarbúar í Reykjanesbæ vilja þessa verksmiðju. Stjórnendur Arionbanka/Stakksbergs verða að meðtaka það. Núllkosturinn, að ræsa verksmiðjuna ekki að nýju, er sá kostur sem verður að hafa mest vægi í allri umfjöllun um málið, þótt hann „samræmist ekki markmiði framkvæmdaaðila“. Hann er í huga bæjarbúa raunhæfasti kosturinn, þótt framkvæmdaaðili haldi öðru fram. Heilsu og lífsgæði 20 þúsund íbúa **verður** að taka fram yfir peningalega hagsmuni eins fjármálafyrirtækis.

Reykjanesbæ 26. Júní 2020.

**Sigmar Þór Rögnvaldsson kt. 1506933229**

**Bogabraut 950 2b**

**235 Reykjanesbær**



## Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir

---

**From:** Sigrún Birta Sigurdardóttir <sigrunbv@gmail.com>  
**Sent:** miðvikudagur, 24. júní 2020 10:06  
**To:** Skipulagsstofnun  
**Subject:** Athugasemdir vegna frummatsskýrslu um Kísilver í Helguvík

Athugasemdir vegna Kísilversins í Helguvík.

Kísilverið trónir yfir bæjarfélaginu og er greinilegt uppi á berginu alla Reykjanesbrautina og úr öllum bæjarhlutum Reykjanesbæjar. Sjónmengunin er gríðarleg og ferlíkið minnir okkur á hvernig bæjarfélagið stefnir í að verða mest mengandi bæjarfélag Íslands (ef ekki Evrópu) með 10-33% aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi eingöngu frá iðnaði í Helguvík steinsnar frá íbúabyggð.


Ríkisstjórn Íslands hefur skuldbundið sig til að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda fyrir 2030 og Skipulagsstofnun hlýtur að eiga skyldum að gegna að stuðla að því markmiði. Það er fáránlegt að ábyrgðinni á því að bjarga jörðinni frá loftslagsáhrifum sé endalaust velt á einstaklinga á meðan þær stofnanir sem við borgum fyrir með sköttum til að vernda okkur leyfa svona glórulausum framkvæmdum að viðgangast.

52 metra strompur minnkar hvorki sjónmengun né losun gróðurhúsalofttegunda. Þessir strompar munu mögulega minnka lyktarmengun í bænum eða mögulega bara dreifa henni víðar um bæjarfélagið. Nýir útreikningar á eiturefnalosun standast ekki skoðun og virðast eiga að vera viljandi blekkjandi ef ekki bara vísitandi rangir. Þessi frummatsskýrsla er ekkert frábrugðin öðrum frummatsskýrslum sem hafa verið gefnar út um þessa verksmiðju með loforðum sem hafa svo ekki staðist.

Ég bjó nálægt þynningarsvæðinu þegar kísilverksmiðjan var í gangi og var með barn hjá dagmömmu þarna og á leikskólanum Vesturberg. Það var grátlegt að geta ekki sett barn út í vagn, að þurfa að loka öllum gluggum til að reyna að loka eiturgufurnar úti og svo samviskubitið að setja barn þarna í leikskólann í þessari brælu. Það er fáránlegt að tekin sé þessi áhætta með heilsu og líf bæjarbúa.

Frummatsskýrslan er allt annað en traustvekjandi og lögð fram á tíma þar sem baráttuþrek margra bæjarbúa er að mörgu leyti þrotið í vök covid-19 og margra ára baráttu við þetta batterí. Nú er komið að því að Skipulagsstofnun og ríkisstjórnin taki við boltanum og geri það sem gera þarf til að stöðva þetta.

Virðingarfyllst,  
Sigrún Birta Sigurdardóttir  
Kt.241184-3669



## KÍSILVERKSMÍÐJA Í HELGUVÍK

### Athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum í frummatsskýrslu Stakksbergs og Verkís.


Að ósk Skipulagsstofnunar er íbúum Reykjanesbæjar nú boðið á björtustu dögum sumarsins að koma með athugasemdir sínar við tæplega 150. blaðsíðna frummatsskýrslu Stakksbergs. Til þess er ætlast að á skömmum tíma setji í íbúar sig inn í flókna eðlis og efnafræði, arkitektúr og reikningskúnstir. Allt þetta ferli hefði mátt einfalda í ljósi fyrri rekstrarreynslu og með hliðsjón af rekstri kísilverisins á Bakka. Einfaldast hefði verið að spyrja spurningarinnar. Vilt þú kísilver í bakgarðinn hjá þér ?

Mikil vantrú og tortryggni ríkir meðal fjölmenns hóps íbúa Reykjanesbæjar í garð frummatsskýrslu Stakksbergs/Verkís. Tortryggnin stafar af ónákvæmni og misvísandi upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni. Að mörgu leiti dregur hún úr trúverðugleika á heilindum skýrsluhöfunda. Haldið er fram að mikið og upplýst samráði sé haft við íbúa. Einnig er dregið úr eins og mögulegt er, um raunverulega mengunarhættu frá starfseminni. Hvort tveggja á skjön við sannindi raunveruleikans.

### Óskiljanlegar reiknikúnstir.

Eiturefna mengunin og heilsuspillandi loftgæði eru helsta áhyggjuefni fólks. Í því tilliti hefur lítið mark verið tekið á athugasemdum frá almenningi. Þvert á móti er gefið í skyn, eins og sýnt er í fyrstu töflu í frummatsskýrslunni, að hlutfallsleg mengun fari minnkandi við aukna framleiðslu í kísilverinu. Jafnframt eru mengunartölur sem eru úr matsskýrslu fyrri rekstraraðila (Stakksbraut 9 frá 2013) án samhengis við aðrar mengunartölur, ýktar á yfirgengilegan hátt og þær sýndar langt yfir leyfilegum viðmiðunarmörkum. Barbabrellan er að magn eitursins minnki ef eitrið er látið fara út um stromp sem nær 20 metrum hærra en rjáfur síuhússins er. Að ef kolamoli kemur út um þakrjáfur síuhússins að þá verði hann að brjóstsykurmola ef hann fer út um stromp. Til að fyrirbyggja misskilning að þá er hér ekki verið að gefa í skín að mengunartölur Stakksbrautar 9 séu eitthvað réttari en frá Stakksbergi, en samanburður skýrsluhöfunda virðist vera gerður til að rugla fólk í ríminu.

Hér er mynd af töflu 1. í frummatsskýrslunni, til að sýna betur hvað átt er við. Með handskrifuðu tölunum í dálki "Án endurbóta 1 ofn" er miðað við 4 ofna frá frummatsskýrslu Stakksbrautar 9. (United Silicon) Handskrifuðu tölurnar til hægri við dálkinn "Fullbyggð, 4 ofnar" eru eðlilega uppreiknaðar mengunartölur (1 ofn x 4) þ.e. "með endurbótum 1 ofn" í "fullbyggð 4 ofnar". Þessar tölur sýna tuga prósentu óútskýrðan mun. Engin rök eru færð fyrir því að eiturefna útblásturinn minnki við að fleiri ofnar fari í notkun.





Höfnar

Efni	Viðmiðunartími	Viðmiðunar mörk	Eining	Hlutfall tíma	Án endurbóta, 1 ofn	Með endurbótum, 1 ofn	Fullbyggð, 4 ofnar
Brennisteinsdíoxíð (SO <sub>2</sub> )	1 klst.	350	µg/m <sup>3</sup>	99,7%	130 794	24,5	72
	24 klst.	125	µg/m <sup>3</sup>	99,2%	21 732	9,8	27,5
	Almanaksár	20	µg/m <sup>3</sup>		7,9 138	0,5	0,8
	Vetur	20	µg/m <sup>3</sup>		158	0,6	1,3
Köfnunarefnisdíoxíð (NO <sub>2</sub> )	1 klst.	200	µg/m <sup>3</sup>	99,8%	56 956	31	98
	24 klst.	75	µg/m <sup>3</sup>	98,1%	7,5 796	7,5	16,6
	Almanaksár	40	µg/m <sup>3</sup>		3,4 166	0,6	1,0
Köfnunarefnisoxíð (NO <sub>x</sub> )	Almanaksár	30	µg/m <sup>3</sup>		166	0,6	1,0
Kolmónoxíð (CO)	8 klst.	10	mg/m <sup>3</sup>		0,1	0,001	0,001
Fint svifryk (PM <sub>2,5</sub> )	Almanaksár	20	µg/m <sup>3</sup>		0,9 3,7	0,01	0,02
Fjölrínga aromátísk vetniakolefni (B(a)P)	Ársmeðaltal	1	ng/m <sup>3</sup>		0,2	0,001	0,001

PM<sub>10</sub>

Reiknikúnstir skýrsluhöfunda í þessari töflu eru okkur í Reykjanesbæ óskiljanlegar og gerir fólk tortryggið í þeirra garð.

### Heilsa.

Fullyrðing skýrsluhöfunda sem kemur fram í samantekt ii/heilsa og segir: “Áhrif á heilsu eru metin **óveruleg**” er ósönnuð. Þeir sem halda því fram að áhrif á heilsu verði **veruleg** eru mun nær líklegum sannleika. Að því er best verðu séð er enginn skýrsluhöfunda með menntun á heilbrigðissviði og því varla hæf til að komast að þeirri niðurstöðu að áhrif á heilsu bæjarbúa verði óveruleg.

Það er ljóst að á stuttum rekstrartíma verkmiðjunnar bærust fjölmargar kvartanir vegna lyktar og óþæginda frá útblásturkerfi verkmiðjunnar, t.d. erling í augum og óþægindi í hálsi. Staðfest er að sjúklingar með undirliggjandi öndunarfæra sjúkdóma áttu undir högg að sækja þegar ástandið var hvað verst. Mælingar á rekstrartíma verkmiðjunnar sýndu að svokölluð anhydrið efni væru í útblæstrinum og vísbendingar um formeldýð auk annarra hættulegra efna. Skýrsluhöfundar vitna í sóttvarnalækni sem taldi ólíklegt að efnin væru í nægjanlegum styrk til að valda „alvarlegum heiluspillandi áhrifum“. Sóttvarnalæknir gat samkvæmt þessu ekki útilokaði að heilsufarslegur skaði kynni að hljótask af, enda óhægt um vik að sanna skaðann sökum stutts rekstrartíma verkmiðjunnar.

Nú er það viðurkennd staðreynd að langvarandi og alvarlegir sjúkdómar koma ekki alltaf strax fram. Krabbamein vegna reykinga kemur ekki fram við fyrstu sígarettu sem reykt er, steinlungu vegna vinnu við asbest koma fram löngu eftir að viðkomandi hafði komist í snertingu við asbestið. Ekki treysta skýrsluhöfundar, sóttvarnalæknir né aðrir sem þekkja til eiturefnanna frá kísilframleiðslunni, sér til að fullyrða að heilsufarsleg áhrif á bæjarbúa verði engin. Skýrsluhöfundar sem lítið vit hafa á málinu segja bara “óveruleg áhrif”.

Í liðnum Reynslan frá Noregi (8.6.1.2) segir að þar séu reknar tíu sambærilegar kísilmálmverkmiðjur. Af þeim hafi á síðasta ári fimm þeirra tilkynnt um óeðlilegar aðstæður við losun á reyk, ryki eða óhreinsuðum útblæstri eða um það bil önnur hver verkmiðja. Í óhreinsaða útblæstrinum og einnig í þeim hreinsaða eru þau eiturefnin sem losna við kísilframleiðslu helst brennisteinsdíoxíð (SO<sub>2</sub>), köfnunarefnisoxíð (NO<sub>x</sub>), kolmónoxíð (CO), svifryk (PM<sub>10/2,5</sub>) og PAH-efni. Einnig eru losaðir þungmálmur og rokgyörn lífræn efnasambönd (VOC) (sjá magntölur um mögulegt magn í málsgrein um magn losaðra eiturefna hér að neðan). Í háum styrk geta mörg þessara efna haft áhrif á slímhúð

og öndunarfæri. Þrátt fyrir mikla leit að eigin sögn hafa skýrsluhöfundar engar heimildir um rannsóknir á heilsufari íbúa í námunda við kísilver. Er það forsvaranlegt að heimila starfsemi þar sem vitað er að óþægindin eru til staðar en áhrifin eru ekki vituð. Við frábiðjum okkur slíka lýðheilsutilraun, þar sem heilsa íbúa Reykjanesbæjar verður lögð að veði. Lögmál eiturefnanna breytast ekki þó nýir eigendur komi að kísilverinu.

### Magn losaðra eiturefna.

Ekki er heiglum hent að átta sig á áætluðum magnlosunum kolefna og eiturefna út í andrúmsloftið frá kísilverinu í Helguvík. Af því fer tvennum sögum eins og sést í matskýrslu Stakksbrautar 9. frá 2013 annars vegar (og kópierað er í matsáætlun Stakksbers í nóvember 2018) og hinsvegar í nýrri frummatsskýrslu þeirra (sjá myndir úr skýrslunum). Aukning kolefnis losunar (CO<sub>2</sub>) samkvæmt frummatsskýrslu verður 10% meiri en matsáætlunin sagði. Það sem vekur sérstaka athygli og auknum áhyggjum er áætlað magn köfnunarefnisoxíðs (NO<sub>x</sub>), þ.e. 1.800 tonn á ári, það er 346% meira en matsáætlunin frá 2018 sagði til um. Köfnunarefnisoxíð (NO<sub>x</sub>) eru lofttegundir sem valda bólgum í öndunarvegi. Þ. e. oxunarefni sem valda oxunarálagi og geta raskað eðlilegum frumkerfum og valdið skemmdum á vefjum og dregið úr ónæmisgetu líkamans. Rúmlega 3,500 tonn af eiturefnum sem blása á út í andrúmsloft bæjarbúa er ógnvænlegt magn.

Úr matsáætlun frá nóv. 2018 (Matskýrslu Stakksbr. 9. 2013)

Kísilframleiðslan mun losa um **360.000 t/ári** af CO<sub>2</sub>, af jarðbundum kolefnum

Lofteggund	SO <sub>2</sub> tonn/ári	NO <sub>x</sub> tonn/ári	PAH tonn/ári	VOC tonn/ári	POP g/ári	PM <sub>10</sub> tonn/ári	Málmar <sup>1</sup> kg/ári
Eining Árlegur útblástur	1.200	520	0,18	3,7	0,32	130	19,4

Tafla 6.1 Væntanleg árleg losun önnreiminda frá loftsíuhúsi

Úr frummatsskýrslu Stakksbergs

Áætlað er að losun vegna bruna á eldsneyti af jarðefnauppruna verði allt að 100.000 t/ári fyrir fyrsta áfangann og **400.000 t/ári** fyrir fullbyggða verksmiðju.

	Losun kg/t Si	Heildarlosun, 25 þús. t Si/ári t/ári	Heildarlosun, 100 þús. t Si/ári t/ári
SO <sub>2</sub>	15	375	1.500
NO <sub>x</sub>	18	450	1.800
PM <sup>69</sup>	0,4	10	40
CO	14,8	370	1.480
PAH-16	0,002	0,05	0,20
POP	4*10 <sup>-11</sup>	1*10 <sup>-9</sup>	4*10 <sup>-9</sup>
TVOC	0,15	3,75	15

### Ásýnd

Sá kafli skýrslunnar sem boðaður er um ásýnd þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru, er óhætt að segja að séu í reyfarakenndum stíl, þ.e að engin ástæða sé til að hafa áhyggjur af ásýnd kísilvernsins.



Það sem liggur fyrir er að boðað er aukið byggingamagn með háum byggingum, auk uppsetningar tveggja 52. metra hárra skorsteina. Þeir skorsteinar eru einnig hugsaðir sem neyðarskorsteinar, sem þýðir þá væntanlega í ljósi fyrri rekstrarreynslu og reynslunnar frá Bakka að nokkrum sinnum á hverju ári muni reykur og eitur blása óhindrað og óhreinsað út í andrúmsloftið. Ekki er ljóst hvort það byggingamagn sem boðað er rúmist innan þess deiliskipulags sem skýrsluhöfundar segjast vinna eftir og miðað er við í þeim teikningum sem kynntar hafa verið. Full ástæða er til, í ljósi annarar hroðvirkni í skýrslunni, að efast um það. Núverandi byggingar blasa við úr efri byggðum bæjarins og þeim byggðum sem næst liggja verksmiðjunni. Einnig eru byggingarnar vel sýnilegar þeim sem leið eiga um Vatnsnes, íbúum Innri Njarðvíkur, og öllum þeim sem leið eiga um Miðnesheiði á leið sinni til beggja bæjarkjarna Suðurnesjabæjar eða í Flugstöðina. Kísilver Stakkbergs, sést jafnframt á björtum dögum frá Hafnarfirði, Seltjarnarnesi og á löngum kafla Reykjanesbrautar, að ekki sé minnst á alla þá ferðamenn sem fá sýna fyrstu sýn á svæðið úr lofti með ásýnd af reykspúandi kísilveri. Það að segja að áhrifasvæði ásýndar kísilverisins sé/verði „ekki umfangsmikið“ er úr takti við allan raunveruleika, og að bæta svo í með því að segja að kísilverið muni falla enn frekar inn í ásýnd landsins og heildayfirbragð svæðisins í framtíðinni er eins og fyrr er sagt reyfarakendur skáldskapur og í besta falli lélegur brandari.

#### Deiliskipulag.

Skýrsluhöfundar frummatsskýrslunnar ganga út frá því í hugmyndum sínum að þeir séu að vinna út frá deiliskipulags breytingu frá 2015, sem vafi er í gildi. Full ástæða er til að draga það í efa þrátt fyrir að hún hafi á sínum tíma verið samþykkt, en deiliskipulagsbreytingin var ekki auglýst eða kynnt almenningi og hagsmunaaðilum á fullnægjandi hátt, samkvæmt lögum sem þar um gilda. Sú túlkun er staðfest af Skipulagsstofnun með tölvupósti þann 28.05.2020 en þar segir:

*“Í skipulagslögum og skipulagsreglugerð er ákvæði um auglýsingar á skipulagstillögum. Megintilgangur auglýsingar er að vekja athygli á að skipulagsbreyting er í kynningu, þannig að almenningur og hagsmunaaðilar geti kynnt sér efni hennar og komið með ábendingar eða gert athugasemdir við efni hennar eftir atvikum.*

*Í 3. mgr. gr. 5.6.2 í skipulagsreglugerð er kveðið á um að í auglýsingu skuli koma fram hvenær sveitarstjórn samþykkti að auglýsa deiliskipulagstillögunu, til hvaða svæðis hún taki, helstu efnisatriði, athugasemdir skuli vera skriflegar o.fl. Samkvæmt þessu er ekki gert ráð fyrir að það þurfi að tiltaka öll efnisatriði skipulagstillögu.*

*Það er afar mismunandi hvað skipulagsauglýsingar eru nákvæmar varðandi efnisatriði, enda getur við umfangsmiklar breytingar verið erfitt að telja upp öll efnisatriði sem hugsanlega geta varðað hagsmuni einhverra.*

*Skipulagsstofnunar fellst á að í auglýsingunni hefði mátt vera ítarlegri lýsing á úætlaðri skipulagsbreytingu. Það er þó mat stofnunarinnar, lagalega séð, að ekki sé um annmarka að ræða sem hefði leitt til ógildingar á umræddri deiliskipulagsbreytingu, hefði samþykkt hennar verið kærð á sínum tíma”.*

Hefði komið til kæru á umræddri deiliskipulagsbreytingu vekur túlkun Skipulagsstofnunar á lagalegum eftirmálum undrun og ástæða er til að spyrja, hvernig það megi vera að eftirlitsstofnun sem hefur

